

# MOSFELLINGUR

1. TBL. 20. ÁRG. FIMMTUDAGUR 14. JANÚAR 2020 • VEFÚTGÁFA: WWW.MOSFELLINGUR.IS



Sigmar Vilhjálmsson veitinga- og athafnamaður

## MOSFELLINGUR

### ÁRSINS 2020

» 10

» BARION HEFUR KOMIÐ INN MEÐ MIKLUM KRAFTI

» HUGSAÐ Í LAUSNUM Í HEIMSFARALDRI

» ORÐINN ÁHRIFAVALDUR Á SAMFÉLAGSMIÐLUM

## EIGN VIKUNNAR


[www.fastmos.is](http://www.fastmos.is)



### Vogatunga - fallegt raðhús

Nýtt 236,6 m<sup>2</sup> raðhús á tveimur hæðum. Um er að ræða mjög fallegt og vel skipulagt raðhús á tveimur hæðum ásamt stórum bílskúr. Fimm svefnherbergi. Tvö baðherbergi. Mikil lofthæð með innbyggðri lýsingu. Stórar stofur með fallegt útsýni. Eignin skiptist í raðhús 198,9 m<sup>2</sup> og bílskúr 37,7 m<sup>2</sup>.

V. 93,9 m.



**Fasteignasala**  
**Mosfellsbæjar**



FYLGSTU  
MEÐ OKKUR  
á Facebook

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080  
Einar Páll Kjærnested • lögg. fasteignasali • [www.fastmos.is](http://www.fastmos.is)



## Súrdeigsbrauð

Mosfellsbakari • Háholti 13-15 • 5666145  
[mosfellsbakari.is](http://mosfellsbakari.is) • [mosbak@mosbak.is](mailto:mosbak@mosbak.is)

## Við sjáum um dekkin

Pantaðu tíma á [n1.is](http://n1.is)

N1 Langatanga 1a  
Mosfellsbær



N1 ALLA LEIÐ

## RÉTTINGAVERKSTÆÐI

# Jóns B. ehf

Flugumýri 2, Mosfellsbær  
Símar: 566 7660 og 697 7685 [jonrett@internet.is](mailto:jonrett@internet.is)  
[WWW.JONB.IS](http://WWW.JONB.IS)



CAB  
CABAS



ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI  
SKIPTUM UM FRAMRÚÐUR

Útgefandi: Mosfellingur ehf., Spóahöfða 26, sími: 694-6426

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Hilmar Gunnarsson, hilmar@mosfellingur.is

Ritstjórn:

Anna Ólöf Sveinbjörnsdóttir, annaolof@mosfellingur.is

Ragnar Þór Ólason, raggjola@mosfellingur.is

Ruth Örnólfsdóttir, ruth@mosfellingur.is

Prentun: Landsprent. Upplag: 4.500 eintök. Dreifing: Afturelding.

Umbrot og hönnun: Mosfellingur ehf.

Prófkörk: Ingibjörg Valsdóttir

ISSN 2547-8265

Tekið er við aðsendum greinum á mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð. Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánuðegi fyrir útgáfudag.

Mosfellingur kemur út að jafnaði á þriggja vikna fresti.

Næsti Mosfellingur kemur út 11. febrúar

## Preyjum þorrann

Það er komið að því að þreyja þorrann og hefur orðatiltækið líklega aldrei átt betur við en nú. Beðið er eftir því að landið risi á ný eftir COVID en boð hefur komið um að bóluþetta skyldi alla heimsbyggðina.



Hilmar Gunnarsson, ritstjóri Mosfellingur

Þorrablót Aftureldingar sem hefur verið einn af ljósu punktumum í janúar fellur niður. Daginn fer þó að lengja og við lifum í voninni.

Það er oft vandasamt verk að horfa um öxl og velja einhvern einn sem hefur gert samfélaginu okkar gott á árinu. Við stöndum þó frammi fyrir þeirri áskorun þegar við veljum Mosfelling ársins. Að þessu sinni er það Simmi Vill. Það er óhætt að segja að hann hafi lagt sig fram við að létta okkur lundina með tilkomu Barion. Auk matar og drykkjar er þar staðið fyrir vikulegum viðburðum. Í öllum þeim takmörkunum sem glíma hefur þurft við á árinu hefur Simmi og hans fólk hugsað í lausnum og jákvæðni sem smitast út í samfélagið. Pristamús, mömmumatur og heimsendingar koma þar við sögu. Til hamingju!



## ÍSFLUGL

www.isflugl.is



## Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

### Húsráðendur í Mosfellssveit

Árið 1980 birtist í Mosfellspóstinum ágæt kynning á Húsráðendaskemmtun, sem haldin var í Hlégarði.



Umsjón: Birgir D. Sveinsson (birgird@simnet.is)

## HÉÐAN OG ÞAÐAN



Getur þú fundið Benjamín falinn í blaðinu?

## Hringdu

- 🔍 skólanet Hringdu
- 🔍 hraðasta internetið
- 🔍 ótakmarkað gagnamagn
- 🔍 langbesta verðið
- 🔍 fyrir námsmenn
- 🔍 7.600 kr. á mánuði





Svanþór  
Einarsson  
Lögg. fasteignasali



Egilína S.  
Guðgeirsdóttir



Hildur  
Ólafsdóttir



Þórhildur M.  
Sandholt  
Lögg. fasteignasali



Sigurður  
Gunnarsson  
Lögg. fasteignasali



Theodor Emil  
Karlsson

## ÞVERHOLT - TIL LEIGU



**Til leigu**

Vel skipulagt 114,6 m<sup>2</sup> skrifstofuhúsnæði á 5. hæð í lyftuhúsi. Eignin skiptist í rúmgóða móttöku, fjórar lokaðar skrifstofur, eina opna skrifstofu, móttökuaðstöðu, geymslu, salerni og eldhúskrók. Húsnæðið er snyrtilegt, nýmálað og nýtt harðparket á gólfi. Góð innfelld LED lýsing og kerfisloft. Skrifstofan er björt og stórir gluggar í öllum herbergjum með miklu útsýni yfir Mosfellsbæ.


Leiguverð **235.000 kr.** á mánuði

## LEIRVOGSTUNGA - EINBÝLISHÚS



Fallegt einbýlishús, í byggingu. Eignin er skráð 196,2 m<sup>2</sup>, þar af einbýlishús 153,1 m<sup>2</sup> og bílskúr 43,1 m<sup>2</sup> og afhendist tilbúin til innréttinga samkvæmt skilalýsingu seljanda. Vel skipulagt einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Mikil lofthæð er í eigninni sem skiptist í tvö svefnherbergi, tvö baðherbergi, þvottahús, geymslu, forstofu, eldhús, stofu, borðstofu og bílskúr.

**V. 82,9 m.**



## ESJUGRUND

Vel skipulagt 96 m<sup>2</sup> fjögurra herbergja raðhús í Grundarhverfi á Kjalarnesi. Eignin skiptist í forstofu, eldhús, stofu/borðstofu, þrjú svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús. Mannngengt geymsluloft er yfir húsinu.


**V. 44,9 m.**

# VILTU SELJA?

Vegna mikillar sölu undanfarið vantar okkur allar gerðir eigna á söluskrá.  
Endilega hafðu samband og við kappkostum að selja eignina þína!

# BJARKARHOLT 7-9

Nýtt 40 íbúða lyftuhús í miðbæ Mosfellsbæjar  
3-4ra herbergja íbúðir með bílastæði í bílageymslu



**3JA HERBERGJA ÍBÚÐIR:**  
54,9 – 55,6 m.

**PENTHOUSE ÍBÚÐIR:**  
86,9 – 99,9 m.

Eignirnar afhendast fullbúnar án gólfefna en baðherbergi og forstofa eru flísalögð. Frábær staðsetning. Stutt er í alla helstu þjónustu. Sýnum daglega

**SÝNUM  
DAGLEGA**

Frábær staðsetning - Stutt er í alla helstu þjónustu

Hafðu samband og bókaðu skoðun!



## Nýjar takmarkanir hafa tekið gildi

Í gær, þann 13. janúar, voru samkomutakmarkanir vegna COVID-19 rýmkaðar. Fjöldatakmörkanir verða 20 manns, heilsu- og líkamsræktarstöðvum verður gert kleift að hefja starfsemi á ný en með ströngum skilyrðum og skíðasvæðunum sömuleiðis. Íþróttastarf barna og fullorðinna verður heimilað að uppfylltum skilyrðum og sömuleiðis íþróttakeppnir án áhorfenda. Fjöldamörk í sviðslistum verða aukin og sama gildir um aðra menningarviðburði. Þetta er megin-efni breyttra reglna sem gilda til 17. febrúar. Sóttvarnalæknir leggur til þessar tilslakanir þar sem vel hafi gengið að sporna gegn útbreiðslu COVID-19 hér á landi. Hann bendir á að víða erlendis sé faraldurinn í mikilli uppsveiflu, meðal annars vegna nýs afbrigðis veirunnar sem til þessa hafi ekki náð að breiðast út hérlendis.

## Lionsklúbbar hjálpa Seyðfirðingum

Lionsklúbbar Mosfellsbæjar og Lionsklúbburinn Úa Mosfellsbæ ákváðu að rétta Seyðfirðingum hjálparhönd með 300.000 kr. framlagi, 150.000 frá hvorum klúbbi. Framlagið var sent til Lkl. Seyðisfjarðar með ósk um að þeir meti hvernig framlaginu er best varið. Lionsfélagar í Mosfellsbæ senda Seyðfirðingum góðar kveðjur með von um að framlagið komi að góðum notum. Einnig er gaman að geta þess að starfsmaður Alþjóðahjálparsjóðs Lions (Lions Clubs International Foundation) hafði samband við umdæmisstjóra Lions fyrir Suður- og Austurland og bauð fram aðstoð sjóðsins. Nú er unnið að umsókn um svokallaðan uppbyggingarstyrk frá sjóðnum og von er á þeim styrk fljótlega.



**MOSFELLINGUR**  
**KEMUR NÆST**  
**ÚT 11. FEBRÚAR**

mosfellingur@mosfellingur.is

# Nafnið tilkynnt í Mosfellingi í dag • Aron Þór fæddist laugardaginn 2. janúar kl. 00.55

## Fyrsti Mosfellingur ársins 2021

### – fær nöfn landsliðsfyrirliðanna



GUNNAR MALMQUIST,  
ARON ÞÓR OG ELÍN HULD

Fyrsti Mosfellingur ársins fæddist kl. 00.55 þann 2. janúar. Það er hraustur og flottur drengur sem mældist 50 cm og 3.300 gr.

Foreldrar hans eru handbolta- maðurinn Gunnar Malmquist Þór- isson og Elín Huld Sigurðardóttir, drengurinn er þeirra fyrsta barn. „Við ákváðum að nota tækifærið og tilkynna nafnið hans í Mosfellingi þar sem þetta er fyrsti en örugglega ekki síðasti titillinn sem hann fær.

Hann heitir Aron Þór Malmquist Gunnarsson, það er í höfðuðrið á frændum mínum, landsliðsfyrir- liðunum Aroni Einari knattspyrnu- manni og Arnóri Þór handknatt- leiksmanni. Þórsnafnið er líka í höfðuðrið á pabba mínum og svo er Þór Akureyri uppeldisfélagið mitt.

### Fyrsti titillinn kominn í hús

Hann átti ekki að fæðast fyrr en 7. janúar en hefur viljað ná þessum titli, ætli hann eigi svo ekki eftir að verða fyrirliði í framtíðinni,“ segir Gunnar stoltur.

Fjölskyldan flutti nýverið í Mos- fellsbæ en Gunnar hefur spilað handbolta með Aftureldingu sl. 6 ár. „Það er algjör draumur að búa hérna, ég sá það strax þegar ég byrjaði að spila hér að þetta væri fullkomið samfélag til að ala upp barn, íþróttalífið er frábært, allir vilja gera allt fyrir alla.

Aron Þór dafnar vel, hann er ákveðinn og lætur í sér heyrja þegar hann er svangur en annars er hann væg og góður,“ segir Gunnar.

## Sleðabrekka og leiktæki tilbúin • Síðustu verkefni Okkar Mosó 2019 í framkvæmd

# Okkar Mosó í þriðja sinn í vor

Í vor verður verður lýðræðisverkefninu Okkar Mosó 2021 hleypt af stokkunum í þriðja sinn frá árinu 2017.

Verkefnið tókst mjög vel síðast og þátt- taka íbúa sló Íslandsmet þegar 19,1% íbúa tók þátt í kosningu milli þeirra verkefna sem lögð voru fram til umræðu og út- færslu.

### Upplýst sleðabrekka við Varmárskóla

Um þessar mundir eru síðustu verkefnið sem íbúar vildu koma í framkvæmd í Okkar Mosó 2019 að komast til framkvæmda. Þannig er nú búið að opna sleðabrekku í Ævintýragarði Mosfellsbæjar rétt norðan við Varmárskóla fyrir neðan tjaldsvæðið. Sleðabrekkan er um 100 metra löng og hentar bæði til sleðaferða og skíðaiðkunar um leið og snjórin lætur sjá sig.

Brekkan er upplýst með ljósköstur- um þegar þurfa þykir yfir vetrartímann.



BEDIÐ ER EFTIR SNJÓ  
Í NÝJA SLEÐABREKKU

Aðkoma að svæðinu er frá bílastæði við Varmárskóla.

Einnig hafa nú verið sett upp leiktæki við Miðbæjartorg Mosfellsbæjar. Um er að

ræða hengirúm og klifurdýr sem falla vel að umhverfinu og eru til þess fallin að auka aðdráttarafið miðbæjarsvæðisins, sérstak- lega fyrir yngri kynslóðina.

## KIRKJUSTARFIÐ



WWW.LAGAFELLSKIRKJA.IS

## HELGIHALD NÆSTU VIKNA

Helgihald Lágafellssóknar verður áfram rafrænt næstu vikur en birtist á heima- síðu og Facebook-síðu Lágafellskirkju. Endilega fylgist með á heimasíðunni okkar vegna breytinga á safnaðarstarf- inu vegna COVID-19 faraldursins.

### Guðspjónustur/helgihald

Vegna faraldursins verða ekki sunnu- dagsguðspjónustur kl. 11 í kirkjunum okkar en prestar kirkjunnar munu

skiptast á að flytja kveðjur á netinu í ýmsu formi.

### Sunnudagaskóli

Rafrænn alla sunnudaga kl. 13.

### Æskulýðsfélagið ósoM fyrir 8.-10. bekk

Hefst þriðjudaginn 19. janúar kl. 20 – nánara fyrirkomulag og dagskrá er í vinnslu, sjá heimasíðu.

### Fermingarfræðslan

Fermingarbörn í Lágafellssókn mættu aftur á nýju ári til fermingarfræðslu í safnaðarheimilið. Hópunum var skipt upp í 10 hópa og allar þekktar sóttvarnareglur virtar og gekk vel. Fermingarfræðslan hefur farið fram fyrir áramót í gegnum netið.

www.lagafellskirkja.is

# RAFMAGNAÐ ÆVINTÝRI MEÐ ALVÖRU 4X4

\*Gildir meðan birgdir endast, hvítur Renegade, svartur Compass Limited.



4xe

JEEP RENEGADE PLUG-IN HYBRID VERÐ 5.499.000 KR.\*



4xe

JEEP COMPASS PLUG-IN HYBRID VERÐ 5.999.000 KR.\*

Einu rafknúnu Plug-In Hybrid jepparnir í sínum stærðarflokki með lágt drif.  
Ótrúlegt verð á bílum hlöðnum lúxusbúnaði.

Hægt er að panta reynsluakstur utan opnunartíma á [reynsluakstur@isband.is](mailto:reynsluakstur@isband.is)



## Fljótum og njótum í Varmárlaug

Undanfarin tvö ár hefur Ágústa Hjaltadóttir boðið upp á notalega flotviðburði í Varmárlaug, sem hún kallar Fljótum og njótum. Eins og allir vita þá hefur ekki verið hægt að bjóða upp á þessa viðburði undanfarna mánuði en nú ætlar hún að byrja aftur og verður fyrsti viðburðurinn á dagskrá sunnudaginn 17. janúar kl. 16.30. Tímarnir hafa verið í boði á sunnudögum eftir lokun og er þá laugin hituð upp í ca. 35-37° svo laugin er virkilega heit og notaleg til að fljóta í. Flotslökun dregur úr streitu, bætir svefn, gefur innri ró og frið og styrkir ónæmiskerfið. Gæðastund í Varmárlaug og boðið upp á létt nudd, ilmsánu andlitsmaska, heilsute og notalega samveru. Skráning fer fram í gegnum netfangið agusta@heilogsael.is og verður næsta flot 17. janúar en það er fyrsta og þriðja hvern sunnudag í mánuði.



## Skora á Gleðisprengjur að ganga 1.000 km

Þær Berta Þórhalladóttir og Halla Karen Kristjánsdóttir halda utan um Gleðisprengjurnar sem er hópur 67 ára og eldri. Nú skora þær á hópinn sinn að ganga samanlagt 1.000 km næsta mánuðinn. Áskorunin hófst 7. janúar og stendur til 7. febrúar. „Okkur langaði að senda þeim hrós fyrir góðar undirtektir,“ segir Berta en þegar þetta er skrifað er hópurn kominn upp í 413 kílómetra. „Okkur langaði líka að vekja athygli allra Mosfellinga á áskoruninni og hvetja okkur hin til að vera duglegri að hreyfa okkur. Við hlökkum til að sjá hversu langt við komumst saman.“

## Vinstri græn halda forval í Kraganum

Kjördæmisþing Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs í Suðvesturkjördæmi (Kraganum) hefur ákveðið að hafa forval í efstu sæti á framboðslista hreyfingarinnar fyrir Alþingis-kosningarnar 25. september. VG í Suðvesturkjördæmi kaus sér stjórn um síðustu helgi. Björg Sveinsdóttir, Hafnarfirði, er nýr formaður kjördæmisráðsins, en aðrir í stjórn eru Ásbjörn Þ. Björgvinsson, Kópavogi, Ástvaldur Lárusson, Hafnarfirði, Egill Arnarsson, Seltjarnarnesi, Gunnsteinn Ólafsson, Garðabæ og Kolbrún Ýr Oddgeirsdóttir, Mosfellsbæ. Stjórninni var falið að ákveða hvenær og hvernig forvalið verður útfært.



Tvöföldun Vesturlandsvegur á kaflanum milli Skarhólabrautar og Langatanga er lokið

# TVÖFÖLDUNIN TILBÚIN

Framkvæmdum við tvöföldun Vesturlandsvegur á kaflanum milli Skarhólabrautar og Langatanga lauk nú fyrir jól.

Um er að mikilvæga framkvæmd fyrir Mosfellinga og landsmenn alla þar sem oft hafa myndast raðir í og úr bænum á annatímum. Hluti framkvæmdarinnar er

jafnframt auknar hljóðvarnir í formi nýrra hljóðveggja, stærri hljóðmana og biðstöð strætisvagna norðan vegarins.

### Öflugri lýsing og betri hljóðvist

Vegfarendur hafa væntanlega tekið eftir því að lýsingin á veginum er öflugri en áður

en um LED-lýsingu er að ræða sem gefur betri birtu fyrir vegfarendur og jafnframt ættu íbúar í aðliggjandi hverfum að hafa tekið eftir betri hljóðvist en áður. Í vor lýkur svo endanlegum frágangi á gróðri auk timburklæðningar á hluta hljóðveggja sem mýkir ásynd þeirra.



MOSFELLSBÆR

## Aðalbókari óskast í fjármáladeild Mosfellsbæjar

### VIÐ LEITUM AÐ DRÍFANDI OG METNAÐARFULLUM EINSTAKLINGI Í STARF AÐALBÓKARA

Fjármáladeild Mosfellsbæjar er stoðdeild sem sér um umsýslu fjármála bæjarins. Deildin sinnir bókhaldi, greiðslu reikninga, innheimtu og álagningu gjalda. Fjármáladeild hefur með höndum verkstjórn við fjárhagsáætlanagerð, árshlutauppgjör og gerð ársreiknings. Í deildinni starfa fjármálastjóri, verkefnastjóri, innheimtufulltrúi, aðalbókari og bókarari. Aðalbókari ber ábyrgð á bókhaldi Mosfellsbæjar, stýrir bókhaldsvinnu sveitarfélagsins og gerð uppgjors. Fjárhagskerfi fjármáladeildar er Microsoft Dynamics 365 Business Central (NAV).

Mosfellsbær er öflugt og framsækið sveitarfélag þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi.

### Menntunar- og hæfnikröfur:

- Viðskiptafræðimenntun af fjármála- eða endurskoðunarsviði og/eða meistaraþróf í reikningsskilum er skilyrði
- Þekking á lögum og reglum um bókhald og reikningsskil sveitarfélaga ásamt lögum um virðisaukaskatt og reglum um undanþágur fyrir sveitarfélög
- Þekking og reynsla á færslu, skipulagningu og uppgjöri bókhalds er skilyrði
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Gerð verkferla og samþætting Dynamics BC (NAV) við önnur kerfi
- Samskiptahæfni, jákvætt viðhorf og lausnamiðuð hugsun
- Nákvæmni í vinnubrögðum og talnagleggni
- Frumkvæði sjálfstæði og skipulagshæfni
- Mjög góð tölvukunnátta og færni í Excel
- Mjög góð þekking og reynsla af Dynamics BC (NAV) er kostur
- Góð íslenskukunnátta er nauðsynleg

### Umsóknarfrestur er til og með 24. janúar 2021.

Sækja skal um starfið á ráðningarvef Mosfellsbæjar, [www.mos.is/storf](http://www.mos.is/storf). Umsóknir skulu innihalda starfsferilsskrá og kynningarbréf sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið. Nánari upplýsingar um starfið veitir Pétur J. Lockton fjármálastjóri í síma 525 6700. Um framtíðarstöðu er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Ráðið er í öll störf óháð kvni.

Pverholt 2 | Mosfellsbær 270 | Sími 525 6700 | mos.is



# SHAKE&PIZZA GÓÐAN DAGINN

OPÍÐ : MÁN - MIÐ: FRÁ 17 / FIM - SUN: FRÁ KL. 16

## TILBOÐ MÁNAÐARINS



Oreokurl og þeyttur Oatly veganrjómi á toppnum

Hellingur af hökkuðu Oreo kexi

Oatly veganís

**Shake**  
- MÁNAÐARINS -  
**VEGAN OREO SHAKE**  
990 KR.

— PIZZA MÁNAÐARINS —

**LAS VEGANS**

Rauðlaukur, sveppir, ananas, jalapenjó, sætar kartöflur, veganostur og pizzasósa.

**1.990**  
KR.



## HEIMTÖKUTILBOÐ SHAKE&PIZZA

**EIN, TVÆR OG FRÍ PIZZA EF ÞÚ SÆKIR**



3 FYRIR 2 AF ÖLLUM PIZZUM AF MATSEÐLI  
- BORGAR EKKI FYRIR ÓDÝRUSTU PIZZUNA

**EINN, TVEIR OG FRÍR SHAKE EF ÞÚ SÆKIR**



3 FYRIR 2 AF ÖLLUM SHAKE-UM AF MATSEÐLI  
GILDIR EKKI AF ÁFENGUM SHAKE-UM

**EIN PIZZA & SVO ÖNNUR Á 1.000 KR.**

KAUPIR PIZZU AF MATSEÐLI OG BÆTIR VIÐ ANNARRI Á 1.000 KR. - BORGAR FYRIR DÝRARI PIZZUNA

shakepizza.is

shake&pizza

#shakeandpizza

**ÞAÐ ER GALOPIÐ HJÁ OKKUR & SPILUM Á ANNARRI HVORRI BRAUT**

- OPNUNARTÍMAR KEILUHALLARINNAR -

MÁN - MIÐ: FRÁ KL. 17 / FIM - SUN: FRÁ KL. 16

FYLGSTU MEÐ OKKUR Á FACEBOOK.COM/KEILUHOLLIN

*Keiluhöllin*  
EGILSHÖLL

Á [www.mosfellingur.is](http://www.mosfellingur.is) eru birtar helstu fréttir úr blaðinu

# Mest lesnu fréttirnar á Mosfellingur.is árið 2020

## Mælir ekki með sjúkrahúsvist í Króatíu

**1 FRÉTT** | Andrea Kristín Gunnarsdóttir fór í örlogarfika hjólaferð ásamt vinkonum sínum þeim Helenu Byron og Hönnu Sigríði Stefánsdóttur til Króatíu í september síðastliðnum. Vinkonurnar flugu til Split og fóru þaðan í viku siglingu með líftilli snekkju sem sigldi á milli króatísku eyjanna þar sem þær hjóluðu um og nutu lífsins. „Við vorum þrjár íslenskar valkyrjur í 30 manna hópi sem var frá öllum heimshornum, þetta var frábær hópur sem var eiginlega eins og lítil fjölskylda ...




18. JÚNÍ



12. MARS

## Rússneska keisara-dæmið í Mosfellsbæ

**2 AÐSEND GREIN** | Ánægjulegt er að líta til baka og sjá hvað hefur áunnist síðustu misserin. Það sem einna mest hefur komið á óvart er hve fundir bæjarstjórnar eru líflægir og sérstaklega þegar slökkt er á myndavélum og forseti bæjarstjórnar tilkynnir fundarmönnum að skolið sé á fundarhlé. Vinarþel og varfærni í ordfari fara þá oft veg allrar veraldar þegar vígvöllurinn er ...



10. JANÚAR

## World Class í Mosfellsbæ stækkar um helgina

**3 FRÉTT** | Líkamsræktarstöðin World Class í Mosfellsbæ mun taka í notkun nýja 940 m<sup>2</sup> viðbyggingu á laugardaginn. Líkamsræktarstöðin, sem fyrst var opnuð í Lágafellslaug í desember 2007, mun því stækka um helming. World Class mun bjóða upp á stærri tækjasal, infrared heitan sal, hjólasal með ic7 hjólum, fjölnota sal, tvo nýja búningsklefa, infrared gufu, þurrguflu og auðvitað aðgang að Lágafellslaug. Mosfellsbær og World Class undirrituðu samning vegna stækkunar á íþrótt- og líkamsræktarstöðu í Lágafelli sumarið 2017 ...



Keppendur Varmárskóla: Dóra Þórarinsdóttir, Vígsteinn Frosti Hauksson, Elio Mar Rebora, Leó Halldórsson. Á myndina vantar Heru Sjöfn Atladóttur.

## Lokahátíðinni aflýst • Viðurkenningar veittar í skólunum Stóra upplestrarkeppnin

Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekkjum grunnskóla Mosfellsbæjar, skólaárið 2019–2020, hófst að vanda á Degi íslenskrar tungu 16. nóvember 2019.

Nemendur í Varmárskóla og Lágafellsskóla kepptu innbyrðis í sínum skólum og að lokum voru valdir 5 nemendur úr hvorum skóla til að keppa á lokahátíð keppinnar sem fyrirhuguð var í mars

2020. Sökum heimsfaraldurs varð að fresta keppninni þá og eftir nokkrar tilraunir fram eftir hausti varð því miður að aflýsa lokahátíðinni.

Í desember sl. fengu þeir nemendur sem keppa áttu á lokahátíðinni, afhent viðurkenningarskjöl og verðlaunabækur fyrir þátttöku í Stóru upplestrarkeppninni þrátt fyrir að lokahátíð félli niður.



Keppendur Lágafellsskóla: Steinunn Eva Óladóttir, Rebekka Líf Ólafsdóttir, Ægir Þór Þorvaldsson og Isabella Björt Þórsdóttir. Á myndina vantar Gerði Evu Sigurðardóttur Wiium.


## ELDRI BORGARAR • ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐIN EIRHÖMRUM • FRAM UNÐAN Í STARFINU



## GLEÐILEGT ÁR

Gleðilegt árið kærur vinir og þökkum gömul og góð kynni. Í þessari viku tóku nýjar sóttvarnareglur gildi og þegar þetta er skrifað er ekki algjörlega á hreinu hvornig þær hafa áhrif á okkar góða starf, þess vegna biðjum við ykkur að vera dugleg að fylgjast með póstinum ykkar eða Facebook-síðu okkar, Félagsstarfið Mosfellsbæ. Vonum að sem flest námskeið geti byrjað í einhverri mynd en ennþá verður 2 metra regla, grímuskylda og 20 manna fjöldatakmörk.

Á Eirhömrum er starfandi hárgreiðslustofan Hárdís og býður hún upp á alla almenna hársnyrtingu. Tímabantanir eru í síma 859-2800. Á Eirhömrum er einnig starfandi nuddari og fótáaðgerðafræðingurinn Eva Eðvalds og tekur hún við tímapiöntunum í síma 698-7864.



Kærleikskveðja

Starfsmenn félagsstarfsins Mosfellsbæ



TINNA OG KRISTÍN ÞÓRA  
FÆRA ÍBÚUM HRESSINGU



STELLA KRISTJÁNSDÓTTIR  
FÉKK FYRSTU SPRAUTUNA

## BÓLUSETNING Á HÖMRUM

Í lok desember var heimilsfólk á hjúkrunarheimilinu Hömrum bólusett fyrir COVID-19. Flaggð var í tilefni dagsins og boðið upp á vöflur þegar búið var að sprauta alla íbúa.



JÓN GUÐLAUGUR



LÁRUS HAUKUR



Skrifstofa félagsstarfsins er opin alla virka daga kl. 13–16. Sími félagsstarfsins er 586-8014. Forstöðumaður félagsstarfs eldri borgara í Mosfellsbæ er Elva Björg Pálsdóttir tómstunda- og félagsmálafraeðingur, s: 698-0090.

Skrifstofa FaMos á Eirhömrum er opin alla fimmtudaga frá kl. 15–16.



FÉLAG ALDRAÐRA  
í Mosfellsbæ og nágrenni  
famos@famos.is  
www.famos.is

## STJÓRN FAMOS

Ingólfur Hrólfsson formaður  
s. 855 2085 [ihhj@simnet.is](mailto:ihhj@simnet.is)

Úlfhildur Geirsdóttir varaformaður  
s. 896 5700 [bruarholl@simnet.is](mailto:bruarholl@simnet.is)

Margrét Ólafsdóttir gjaldkeri  
s. 863 3359 [margretjako@gmail.com](mailto:margretjako@gmail.com)

Snjólaug Sigurðardóttir ritari  
s. 897 4734 [snjolaugsig@simnet.is](mailto:snjolaugsig@simnet.is)

Kristbjörg Steingrímisdóttir meðstjórnandi  
s. 898 3947 [krist2910@gmail.is](mailto:krist2910@gmail.is)

Jóhanna B. Magnúsdóttir 1. varamaður  
s. 899 0378 [hanna@smart.is](mailto:hanna@smart.is)

Bragi Bergmann Steingrímsson  
2. varamaður [bbergman@hive.is](mailto:bbergman@hive.is)





MOSFELLSBÆR

Við hvetjum  
alla Mosfellinga,  
unga sem aldna,  
til að nýta sér  
aðstöðuna sér til  
heilsubótar.



## FELLIÐ

Fjölnota íþróttahúsið okkar  
stendur öllum bæjarbúum opið  
til göngu og léttrar hreyfingar  
alla virka daga frá kl. 08:00-14:00

# VELKOMIN AÐ VARMÁ

**Bætum lýðheilsu okkar og hreyfum okkur reglulega!**

Þótt úti sé kalt og hálka höfum við góða aðstöðu til að ganga og hreyfa okkur í vetur.



## VARMÁR- VÖLLUR

Í anda lýðheilsustefnu Mosfellsbæjar  
viljum við benda Mosfellingum á að  
hlaupabrautin að Varmá er upphituð  
og upplýst með mildri lýsingu.



# Það er hluti af því að tilheyra samfélagi að gefa af sér



## FJÖLDI TILNEFNINGA

Mosfellingum gafst kostur á að tilnefna þá sem þeim þóttu verðugir að hljóta nafnbótina Mosfellingur ársins. Fjöldi tilnefninga barst í gegnum heimasíðu blaðsins Mosfellingur.is. Mörg skemmtileg ummæli fylgdu með, eins og sjá má hér til hliðar.

» **Mosverjar og Dagga** – Settu af stað Tindaárskoronu til að stuðla að betri líkamlegri og andlegri heilsu Mosfellinga. Einnig hafa skátarnir stíkað öll fellin okkar ásamt því að gera aðgengið að Úlfarsfelli algjörlega frábært.

» **Arndís Linn** – Hefur verið ötul í öllu starfi innan kirkjunnar og er alltaf til staðar fyrir alla. Hún á skilið að vera Mosfellingur ársins.

» **Hilmar Gunnarsson** – Það segir bara sjálf! Löngu kominn tími á það. Hvar værum við án hans? Hvert bæjarfélag ætti að eiga einn slíkan.

» **Bryndís Haralds** – Hefur barist fyrir mörgum góðum málum á Alþingi okkar Íslendinga. Við Mosfellingar getum verið stolt af þessu fulltrúa okkar.

» **Elísabet Kristjánsdóttir** – Stendur enn vaktina í skógræktinni og kveikti áhuga hjá mörgum með matreiðslukennslu í gaggó Mos.

» **Alexander Kárason** – Lexi hefur endalausa orku í að bæta aðstöðu krakka í bænum í alls konar útivist og afþreyingu.

» **Gaui og Vala** – Framúrskarandi leiðsögn og stuðningur fyrir meðlimi ketilbjölluhúpsins í gegnum erfitt ár.

» **Ása Dagný** – Hefur unnið mikið fyrir Aftureldingu, hún er mikið skipulagsgúru og Afturelding og samfélagið í kringum félagið notið krafta hennar.

» **Hanna Björk Halldórsdóttir** – Hún hefur sem íþróttafulltrúi Aftureldingar haldið íþróttastarfinu gangandi í alls konar takmörkunum og veseni.

» **Kristján Magnússon** – Fiskikóngur Mosfellsbæjar, hefur séð bæjarbúum fyrir ferskum fiski og ýmsum varningi í mörg ár.

» **Birgir Sveinsson** – Fyrir margra ára óeingingjarnt starf í þágu Mosfellinga. Farsæll skólastjóri, var potturinn og pannan í öflugri lúðrasveit bæjarins og er með skemmtilegan myndadálk í Mosfellingi.

» **Starfsmenn leik- og grunnskóla Mosfellsbæjar** – Hafa séð til þess að krakkarnir okkar haldi rútinu á fordæmalausum tímum og haldið bæjarfélaginu gangandi.

» **Leifur Guðjónsson** – Hann er mikill Mosfellingur og lætur sig málin varða, alltaf tilbúinn að leggja til hugmyndir og athenasemdir til að gera bæinn okkar betri.

Mosfellingur ársins 2020 er veitinga- og athafnamaðurinn Sigmar Vilhjálmsson.

Simmi, eins og hann er alltaf kallaður, er fæddur og uppalinn á Egilsstöðum en hefur búið í Mosfellsbæ frá árinu 2007. „Ég var að leita eftir þessum bæjarbrag og langaði að synir mínir myndu alast upp í svona samfélagi. Ég kann vel við það að þekkja nágranna mína og það fólk sem ég rekt á í búðinni. Það er hluti af því að tilheyra samfélagi að gefa af sér. Ég hef reynt að vera virkur í kringum íþróttastarf strákanna minna og er alltaf opin fyrir góðum hugmyndum og skemmtilegu samstarfi,“ segir Simmi sem segist alls ekki getað flutt úr bænum núna eftir þessa nafnbót.

### Út fjölmiðlum í veitingarekstur

Simmi hefur verið einn af okkar þekktustu fjölmiðlamönnum til margra ára en að undanfögnu hefur hann átt mikilli velgengi að fagna í veitingarekstri.

„Ég hef brallað ýmislegt í gegnum tíðina en minn fyrsti sjálfstæði rekstur var þegar ég stofnaði Hamborgarafabrykkuna. Ég hef víðtæka reynslu og þegar ég stóð frammi fyrir því ásamt viðskiptafélaga mínum honum Óla Val að skipuleggja hvað skyldi gera við gamla Arion banka húsið þá kviknaði sú hugmynd að opna hverfisstað í Mosfellsbæ. Úr varð að við opnuðum Barion í lok árs 2019 ásamt því að reka HIöllabáta í sama húsnæði.“

### Barion - hverfisstaður Mosfellinga

„Úr varð að við ákváðum að fara alla leið með hugmyndina, ég segi alltaf að þú færð ekki annað tækifæri á fyrstu hughrif. Það er skemmt frá því að segja að viðbrögðin við Barion hafa verið fram út björtustu vonum, þrátt fyrir að standa frammi fyrir stórum rekstraráskorunum vegna COVID-19.“

En í svona aðstæðum er einmitt spurning um að fara í var og bíða af sér storminn eða læra að dansa í rigningunni. Við fórum t.d. í gott samstarf við Aftureldingu. Það var fjáröflun fyrir félagið, bæjarbúar fengu aukna þjónustu og við náðum að halda dampi.“ Þá hafa Mömmumatur og Pristamús einnig átt



Simmi Vill tekur við viðurkenningunni úr höndum Hilmars Gunnarssonar ritstjóra Mosfellinga. Styttan er eftir leirlistakonuna Þóru Sigurþórsdóttur.

vinsældum að fagna auk þess sem afurðir Barion og HIöllabáta fást nú í verslunum.

### Líf skapar líf

„Við lögðum upp með að skapa stað fyrir alla Mosfellinga, bjóðum upp á fjölbreyttan matseðil á góðu verði, góða þjónustu ásamt því að standa fyrir alls konar viðburðum.“

Okkur hefur verið tekið rosalega vel og fyrir það erum við þakklátir. Á árinu opn-

uðum við einnig Barion Bryggjuna og Mini-garðinn, en þess má geta að höfuðstöðvar fyrirtækisins eru og verða í Mosó.

Simmi hefur að undanfögnu vakið mikla athygli á Instagram þar sem hann er duglegur að deila frá sínu daglega lífi.

„Þetta gerðist nú eiginlega óvart og er bara skemmtileg viðbót við lífið. Ég kalla þetta mínar daglegu stuttmyndir,“ segir Simmi og er þakklátur fyrir viðurkenninguna.



2005 **Sigsteinn Pálsson**  
Stórbóndi á Blíkastöðum sem fagnaði 100 ára afmæli sínu á árinu.




2006 **Hjalti Úrsus Árnason**  
Kraftakar sem frumsýndi heimildarmyndina um Jón Pál Sigmarsson.



2007 **Jóhann Ingi Guðbergsson**  
Sundlaugarvörður í Lágafellslaug sem bjargar lífi tveggja ára stúlku.




2008 **Albert Rútsson**  
Athafnamaður sem opnaði glæsilegt hótel í Mosfellsbæ, Hótel Laxnes.




2009 **Embla Ágústsdóttir**  
Lætur fötlun ekki stöðva sig í að lifa lífinu. Miðlar af reynslu sinni og lífsýn.



2010 **Steinþór Hrórur Steinþórsson**  
Steindi Jr. sner í gegn með Steindanum okkar og á vinsælasta lag landsins.



2011 **Hanna Simonardóttir**  
Sjálfbæðiliði hjá Aftureldingu í 14 ár og aðal drifjöðurin í starfi félagsins.



2012 **Greta Salóme Stefánsdóttir**  
Ævintýrlegt ár hjá söngkonunni sem m.a. keppti fyrir Ísland í Eurovision.



2013 **Hljómsveitin Kaleo**  
Skaust upp á stjórnuhimininn eftir sína fyrstu plötu og Vor í Vaglskógi.



2014 **Jóhanna Elísa Engelhartsdóttir**  
Snéri við blaðinu og varð fyrsti sigurvegari Biggest Loser á Íslandi.



2015 **Sigrún P. Geirsdóttir**  
Vann þrekvirki að verða fyrsta íslenska kvenna til að synda yfir Ermarsundið.



2016 **Guðni Valur Guðnason**  
Kringlukastari og Ólympiufari sem náði miklum árangri á stuttum tíma.



2017 **Jón Kalman Stefánsson**  
Einn fremsti rithöfundur þjóðarinnar til fjölda ára. Orðaður við Nóbélenn.



2018 **Óskar Víðalín Kristjánsson**  
Einn af stofnendum Minningarsjóðs Einars Darra eftir fráfall sonar hans.



2019 **Hilmar Elisson**  
Bjargaði sundlaugargesti frá drukkun í Lágafellslaug sem var við köfun.

# Hundruð litatóna í viðar- og steinaútliti

Opið 8-17 alla daga

Sérpöntum og afhendum á 10-15 dögum!

Cecilía Rán Rúnarsdóttir knattspyrnukona og Kristófer Karl Karlsson kylfingur efst í íþróttakjöri Mosfellsbæjar

# ÍÞRÓTTAFÓLK MOSFELLSBÆJAR 2020

Kjör íþróttakonu og íþróttakarls Mosfellsbæjar fór fram við hátíðlega athöfn á veitingastaðnum Blik miðvikudaginn 6. janúar 2021 í beinni útsendingu í gegnum YouTube.

Þetta var í 29. skipti sem Mosfellsbær heiðrar sitt besta og efnilegasta íþróttafólk. Að þessu sinni voru 13 konur og 16 karlar tilnefnd til kjörsins og hafa aldrei verið fleiri. Vegna COVID-19 var athöfnin heldur óhefðbundin í ljósi fjöldatakmarkana, sóttvarnareglna og til að tryggja fjarlægðarmörk.

## Markvörður og kylfingur og þjálfari

Íþróttakona Mosfellsbæjar 2020 var kjörin Cecilía Rán Rúnarsdóttir knattspyrnukona í Fylki. Cecilía er 17 ára og var valin í öll verkefni A-landsliðsins á árinu auk þess sem hún varð yngsti markvörður í sögunni, aðeins 16 ára, til að spila A-landsleik. Cecilía spilaði alla leiki Fylkis á árinu og var kosin efnilegasti leikmaður Pepsi Max deildarinnar á tímabilinu.

Íþróttakarli Mosfellsbæjar 2020 var kjörinn Kristófer Karl Karlsson kylfingur í Golfklúbbi Mosfellsbæjar. Kristófer er einn af allra bestu kylfingum landsins. Hann varð Íslandsmeistari í holukeppni og högggleik 19-21 árs og stigameistari GSÍ. Þá varð hann klúbbmeistari GM og valinn í A-landslið Íslands sem lék á Evrópumótinu í Hollandi.

Sú nýjung var gerð í kjörinu í ár að heiðraður var þjálfari ársins sem að þessu sinni var valinn Alexander Sigurðsson fimleikþjálfari frá Aftureldingu. Alexander er einn af fremstu fimleikamönnum Íslands. Hann æfir sjálfur hjá Gerplu en þjálfar hjá Aftureldingu með frábæru og uppbyggjandi starfi. Iðkendur hans hafa varla misst úr æfingu þrátt fyrir takmarkanir vegna COVID-19, þökk sé nútímatækni.



CECILÍA RÁN OG KRISTÓFER KARL



ÞJÁLFARI ÁRSINS, ALEXANDER SIGURÐSSON



BEIN ÚTSENDING ÍÞRÓTTAKJÖRS FRÁ BLIK

Myndir/RaggiÓla



Davíð Ólafsson lög. fast. david@fastborg.is

**GLEÐILEGT NÝTT ÁR!**  
**Ég vil vinna fyrir þig!**

- fagleg og persónuleg þjónusta  
HRINGDU Í 897-1533

**B O R G**  
FASTEIGNASALA

**Bílaverkstæði Edda K**  
**Allar almennar viðgerðir**

Desjamýri 1  
s. 564-3272 og 663-2572

# TRÍÓ

— MÁNAÐARINS —

→ EIN STÓR PIZZA ←

# 1.790 KR.


ABEINS EF ÞÚ PANTAR Á NETINU EÐA MEÐ APPINU, GREIÐIR FYRIRFRAM OG SÆKIR



PANTAÐ Á  
NETINU EÐA  
MEÐ APPINU OG  
GREITT FYRIRFRAM

# 3

ÞRÍJAR PIZZUR AF  
MATSEDLI Á SJÓÐ-  
HEITU TILBOÐSVERÐI  
Í HVERJUM MÁNUÐI



DOMINOS.IS | DOMINO'S APP

# STÓR PIZZA-



Útskriftarhátíð Framhaldsskólans í Mosfellsbæ streymt beint • Emese Erzsebet Jozsa með hæstu einkunn

# 31 nemandi brautskráður frá FMOS

Útskriftarhátíð Framhaldsskólans í Mosfellsbæ fór fram föstudaginn 18. desember við hátíðlega athöfn í húsnæði skólans við Háholt 35.

Útskriftarefnum var skipt í tvo hópa vegna sóttvarna og fjöldatakmárkanna og athöfninni streymt beint á vefnum. Aðstandendur nemenda og kennarar skólans gátu því fylgst með athöfninni í beinni útsendingu.

Að þessu sinni var þrjátíu og einn nemandi brautskráður. Af félags- og hugvísindabraut voru brautskráðir fimm

nemendur og tveir af náttúruvísindabraut. Af opinni stúdentsbraut voru brautskráðir tuttugu og fjórir nemendur, þar af 15 af almennu kjörsviði, einn af hestakjörsviði og einn af íþrótt- og lýðheilsukjörsviði.

Verðlaun frá Mosfellsbæ fyrir hæstu einkunn á stúdentsprófi fékk Emese Erzsebet Jozsa en hún fékk einnig verðlaun fyrir besta árangur í ensku og spænsku. Verðlaun fyrir góðan árangur í listgreinum fékk Alexandra Björg Vilhjálmisdóttir og verðlaun fyrir góðan árangur í dönsku

hlaud Arna Haraldsdóttir. Birna Kristín Hilmarsdóttir fékk verðlaun fyrir góðan árangur í umhverfisfræði og fyrir góðan árangur í kvikmyndafræði fékk Gunnar Helgi Björnsson verðlaun.

Fyrir góðan árangur í íslensku og sögu fékk Margrét Rós Vilhjálmisdóttir verðlaun og Sigurbjörg Sara Finnsdóttir fékk verðlaun fyrir góðan árangur í uppeldisfræði. Ragna Katrín Björgvinsdóttir hlaut verðlaun fyrir störf í þágu nemendafélags.

Umvefjum okkur hlýju og bjartsýni með íslenskri værdarvoð frá Lopidraumur.is

Áfram Ísland!



**ISTEX**  
ÍSLENSKUR TEXTÍLIDNAÐUR HF.

**Fasteignasala  
Mosfellsbæjar**

**Áfram  
Afturelding!**



**BARION**  
MATBAR

# Spennandi sumarstörf

Við leitum að metnaðarfullu fólki í fjölbreytt og eftirsótt sumarstörf í álverinu á Grundartanga. Í boði eru störf af ýmsu tagi við framleiðslu, raf- og vélvirkjun og fleira. Störfin henta öllum kynjum. Norðurál leggur áherslu á heilsusamlegt, öruggt og ánægjulegt starfsumhverfi og góðan starfsanda.

## Menntunar- og hæfnikröfur:

18 ára lágmarksaldur	Góð samskiptahæfni
Mikil öryggisvitund og árvekni	Dugnaður og sjálfstæði
Heiðarleiki og stundvísi	Bílpróf er skilyrði

Starfsfólki bjóðast ferðir frá Akranesi, Borgarnesi og af höfuðborgarsvæðinu.

Sumarstarfsfólk í framleiðslu fer á námskeið vegna vinnuvélaréttinda. Umsóknir og upplýsingar eru á [www.nordural.is](http://www.nordural.is) og í síma 430 1000. Öllum umsóknum verður svarað og trúnaði heitið.

Norðurál er eitt stærsta iðnfyrirtæki á Íslandi. Hjá fyrirtækinu starfa um 600 manns með fjölbreytta menntun og bakgrunn. Við framleiðum ár hvert um 320.000 tonn af hreinu áli og áblöndum sem fara á erlenda markaði. Íslenski áliðnaðurinn er ein helsta útflutningsgrein landsins.



# GRAFIT

innanhússarkitektúr | hönnun | ráðgjöf | [www.grafit.is](http://www.grafit.is)

# FRAM UNÐAN Á BARION



Enski boltinn alltaf í beinni - fylgstu með á Facebook og Instagram



— 15. JAN

## DAGUR SIG Á BARION

Tónlistarmaðurinn Dagur Sigurðsson mætir með gítarinn á föstudagskvöldið. Ljúf og góð kvöldstund með þessum magnaða söngvara sem hefst klukkan 20 og lýkur á slaginu 22. Fámenn og góð skemmtun á hverfisstaðnum.



— 22. JAN

## ÞORRABINGÓ Á BÓNDADAGINN

Fullorðins-BINGÓ með stórglæsilegum vinningum á sjálfan bóndadaginn. Bingóstjóri er Mosfellingurinn Hilmar Gunnarsson og hefst veislan kl. 20:30. Hægt er að panta sæti með því að kaupa tvö spjöld í forsölu á Barion.is



— 30. JAN

## MAGGI HAFDAL MEÐ ÓSKALAGAKVÖLD

Mosfellingurinn Magnús Hafdal leikur af fingrum fram laugardagskvöldið 30. janúar. Lifandi tónlist og óskalög úr sal kl. 20-22. Trúbadorakvöld af bestu gerð á Barion Mosó.

## LEIKIR ÍSLANDS Á HM Í BEINNI

ALLIR SEM GISKA Á RÉTT ÚRSLIT Á STAÐNUM FÁ 5.000 KR. GJAFABRÉF

FIMMTUDAGUR

# 14. JAN



PORTÚGAL - ÍSLAND  
KL. 19:30

LAUGARDAGUR

# 16. JAN



ALSÍR - ÍSLAND  
KL. 19:30

MÁNUDAGUR

# 18. JAN



ÍSLAND - MAROKKÓ  
KL. 19:30

**60 GESTIR Í SAL**

HÆGT ER AÐ PANTA  
BORD Í SÍMA 456-4040

**f @ BARION\_MOSO**

PVERHOLT 1 | 270 MOSFELLSBÆ | S. 456-4040 | WWW.BARION.IS | BARION@BARION.IS





# ÞORRABINGÓ

FÖSTUDAGINN 22. JANÚAR KL.20:30-22:00.

## GLÆSILEGIR VINNINGAR

m.a. árskort í World Class, 50.000 kr. gjafabréf á Barion, Þorrabjór, Þorrabakkar, Íslenskt brennivín, gjafabréf í Minigarðinn, Old Islandia Gin, gjafabréf í bjórkyningu, Skipulagsbók Sólrúnar Diego, bíómiðar, Hlöllabátar og margt fleira.

**TRYGGÐU ÞÉR SÆTI MED ÞVÍ  
AÐ PANTA TVÖ BINGÓSPJÖLD  
Í FORSÖLU Á BARION.IS**

**SPJALDIÐ KOSTAR 1.500 KR.**

**BINGÓSTJÓRI: HILMAR GUNNARSSON  
60 MANNS Í SAL OG MIKLAR SIGURLÍKUR**



## ÞORRABAKKINN HEIM AÐ DYRUM

PANTAÐU Á MAMMAMIA.IS OG FÁÐU  
HEIMSENT Á BÓNDADAGINN 22. JANÚAR.



### ÞORRABAKKI

Platti fyrir tvo (nýmet)

**VERÐ 5.995 KR.**

Hangikjöt - sviðakjammur - sviðasulta -  
lífrapylsa - harðfiskur - hákarl frá Bjarnarhöfn -  
hátíðarsild - ítalskt baunasalat - rófustappa -  
rúgbrauð - flatbrauð - smjör



### SÚRMATS SMAKK

Platti fyrir tvo.

**VERÐ 1.995 KR.**

Pungar - lundabaggar - sviðasulta -  
lífrapylsa - blóðmör

**BARION**  
MATBAR

ÞVERHOLTÍ

270 MOSFELLSBÆ

SÍMI 456 4040

WWW.BARION.IS



## OPIÐ ÁN ÞJÓNUSTU

Hægt er að nýta sér aðstöðu safnsins frá kl. 9-12 virka daga og nota sjálfsafgreiðsluvélina.

**Full þjónusta er í boði frá kl. 12-18**

## SELF-SERVICE

You are welcome to use the library resources and the self-service machine from 9-12 on working days.

**Full service is available from 12-18**

BÓKASAFN  
MOSFELLSBÆJAR



9-12 SJÁLFAFGREIÐSLA  
12-18 FULL ÞJÓNUSTA



Listasalur Mosfellsbæjar

## Líf hjá Tilverum

Föstudaginn 8. janúar hófst nýtt sýningarár í Listasal Mosfellsbæjar með sýningunni Tilverur. Verkin á sýningunni eru eftir Sindra Ploder, sem er 23 ára gamall listamaður með Downs heilkenni, og er þetta hans fyrsta einkasýning.

Verk Sindra bera sterk höfundareinkenni hans. Hann vinnur í ýmsa miðla en viðfangsefnið er alltaf það sama: óskilgreindar verur sem minna á margt en eru ekki eitt-hvað eitt ákveðið. Sindri og aðstandendur hans fundu því upp á nýrðinu tilverur.

Fjöldi fólks mætti fyrsta sýningardaginn og myndaðist stundum röð fyrir utan Bókasafnið því að sjálfsögðu var öllum sóttvarn-



SINDRI PLODER VIÐ  
OPNUN SÝNINGARINNAR

arreglum fylgt og aðeins 10 manns hleypt inn í rýmið hverju sinni.

Síðasti sýningardagur er 5. febrúar. Opíð er kl. 12-18 virka daga og kl. 12-16 á laugar-dögum.

Bókasafn Mosfellsbæjar

## 20 manns í Bókasafninu og grímuskylda

Bókasafn Mosfellsbæjar var opnað á ný 18. nóvember eftir sex vikna lokun. Gestir eru hvattir til að sinna erindum sínum hratt og skilmerkilega svo fleiri komist að, en einungis 20 gestir mega vera í safninu hverju sinni.

Börn fædd 2005 og síðar telja ekki með í gestafjölda. Grímuskylda er í safninu.

Frátektir eru sóttar við inngang safnsins. Gögn eru í umbúðum sem eru merktar lánþega og hefur verið gengið frá láninu.

LYKT LAGÐI YFIR  
MOSFELLSBÆ



## Eldur í urðunarstöð í Álfsnesi

Mikill eldur kom upp í urðunarstöð Sorpu í Álfsnesi þann 8. janúar. Stöðvarstjóri segir að töluverður hiti hafi verið í lífrænum úrgangi á svæðinu undanfarna daga en varnaraðgerðir hafi komið í veg fyrir stærri eld. Mikla lykt lagði yfir nærliggjandi hverfi í Leirvogstungu og voru íbúar hvattir til að loka gluggum. Vinnuvélar höfðu í nógu að snúast við að moka yfir eldinn en engin hættu var talin á ferð.



MOSFELLSBÆR

## Laus störf í Mosfellsbæ

Mosfellsbær hefur tekið í gagnid nýjan ráðningarvef.

Öll laus störf hjá Mosfellsbæ og stofnunum má sjá og sækja um á nýjum ráðningarvef:

[www.mos.is/storf](http://www.mos.is/storf)


Þverholt 2 | Mosfellsbær 270 | Sími 525 6700 | [mos.is](http://mos.is)



Sérhæfum okkur í prentun á persónulegum gjöfum  
- þúðar - veggplattar - ísskápsseglar -



Kíkið á okkur á Facebook - [roskvinnustofa@gmail.com](mailto:roskvinnustofa@gmail.com)



20% afsláttur af öllum vörum á snyrtivara.is með kóðanum: MOS

Pantanir sem gerðar eru fyrir kl. 14:00 eru sendar heim samdægurs alla virka daga.



SNYRTIVARA.IS



# Meiriháttar ehf.

er vel tækjum búið alhliða jarðvektakafyrirtæki

Við höfum mikla reynslu og erum lausnamiðaðir þegar kemur að húsgrunnum sama hvort sem er í auðveldu moldarlagi eða klöpp sem þarf að fleyga.

Við útvegum einnig allskyns jarðvegsefni.



Hafið samband í síma 821 3200 eða [info@meirihattar.is](mailto:info@meirihattar.is)  
**Sigurdór Sigurðsson**, tækjabóndi, Vindhóli, Mosfellsdal  
Allan tækjakost má sjá á [www.meirihattar.is](http://www.meirihattar.is)

## GERUM TILBOÐ AÐ KOSTNAÐARLAUSU



ERUM AÐ  
TAKA NIÐUR  
PANTANIR  
FYRIR  
SUMARIÐ

- NÝSMÍÐI
- VIÐHALD
- BREYTINGAR
- GLUGGAR OG GLER
- PALLASMÍÐI
- ÞAKVIÐGERÐIR
- OG MARGT FLEIRA



ÓLAFUR RAGNAR INGASON  
HÚSASMÍÐAMEISTARI

Löggiltur húsasmíðameistari  
og byggingastjóri  
SÍMI 766 7876 • [ORSMIDI@ORSMIDI.IS](mailto:ORSMIDI@ORSMIDI.IS)

# Ekki má gleyma hverra hagsmunum maður gætir

**S**tefán Ómar Jónsson hefur viðtæka reynslu úr atvinnulífinu. Hann leiddi lista Vina Mosfellsbæjar fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar 2018 og náði kjöri.

Þetta var óháð framboð sem á ekki rætur að rekja til hefðbundinna stjórnmálaflokka en sækir styrk sinn til einstaklinga úr ýmsum áttum sem eiga það sameiginlegt að vilja efla hag bæjarins.

Stefán Ómar fæddist í Vesturbæ Reykjavíkur 4. mars 1955. Foreldrar hans eru þau Lilja Sigurjónsdóttir húsmóðir og Jón M. Sigurðsson kjötiðnaðarmeistari og kaupfélagsstjóri en þau er bæði látin.

Stefán á sjö systkini, Guðríði f. 1943 d. 2012, Lovísu f. 1946, Jón Sævar, f. 1947, Ásthildi f. 1949, Steinar f. 1957, Snorra f. 1959 og Reyni f. 1963.

## Það var um sannkallaða sveit að ræða

„Ég er alinn upp í Mosfellssveit frá tveggja ára aldri og á uppvaxtarárum mínum var hér um sannkallaða sveit að ræða. Þéttbýli var þó að byrja að myndast þar sem nú er Markholt, Lágholt og Skólabraut. Hlégarður var á sínum stað, Brúarlandsskóli og Varmárskóli.

Það má eiginlega segja að Mosfellssveitin hafi skipst í fjóra parta, niðursveitin þar sem þéttbýlið var, Dalurinn, Reykjahverfið, þyrpingin frá Reykjum að Álafossi og svo Hlíðartúnið.“

## Allir vinir í dag eftir víkingabardagann

„Það er margs að minnast þegar maður lítur til baka, ég man þegar við bræðurnir fórum í dagsferð, gangandi frá Vesturlandsvegi og niður í voginn þar sem golfskálinn stóð og þar lékum við okkur í fjörunni. Farið var yfir túnin á Bjargarstöðum og yfir girðingar og skurði, við borðuðum nesti í fjöru-borðinu og héldum svo heim síðdegis.

Ekki má gleyma víkingabardaganum á Lágafellinu, niðursveitin gegn Reykjahverfi og Dalnum en það eru allir vinir í dag,“ segir Stefán og brosir.

## Spilaði með hljómsveitinni Stjörnum

„Ég gekk í Brúarlandsskóla og síðan í nýjan Varmárskóla, þar voru fremstir meðal jafningja Tómas Sturlaugsson skólastjóri og Birgir D. Sveinsson. Um þetta leyti var starf skólahljómsveitarinnar að hefjast og þar hóf ég slagverksnám. Ég spilaði svo síðar með félagum mínum í mosfellsku hljómsveitinni Stjörnum.

Leiðin lá svo aftur í Brúarlandsskóla sem þá var orðinn gagnfræðaskóli, ég lauk prófi þaðan 1972. Þar réð ríkjum Gylfi Pálsson skólastjóri og var samstarf okkar mikið og náði síðustu tvö árin en þá var ég formaður nemendafélagsins.“

## Fór til Danmerkur í nám

Stefán hóf nám í Verslunarskóla Íslands og fór síðan í Samvinnuskólann að Bifröst



Fjölskyldan 1993. Ásta, Ómar, Arndís, Ásthildur og Stefán Ómar.



Eftir Ruth Örnólfssdóttur  
**MOSFELLINGURIN**  
ruth@mosfellingur.is

og útskrifast þaðan 1976. Eftir útskrift réð hann sig til starfa sem verslunarstjóri hjá Kaupfélagi Rangæinga á Hvolsvelli.

Þar var hann í eitt ár en þá lá leið hans til Danmerkur þar sem hann fór í verk- og bóknám í skipulagi matvöruverslana. Þegar hann kom heim tók hann við verslunarstjórastöðu hjá Kron sem þá rak margar verslanir víðs vegar um Reykjavík.

## Sá yngsti á landinu

Stefán giftist Ástu Sverrisdóttur árið 1977 en hún lést árið 1996. Börn þeirra eru Ásthildur f. 1976 fatahönnuður, Ómar f. 1980 matreiðslumeistari og Arndís f. 1983 hjúkrunarfræðingur.

Golf og stangveiði eru aðaláhugamál Stefáns auk þess sem hann hjólar reglulega. Áhugi hans á veiði hefur loðað við hann frá því hann var strákur en hann veiddi mikið við Hafravatn, í Köldukvísl og Varmá.

Í árslok 1980 var Stefán ráðinn sveitarstjóri í Gerðahreppi aðeins 24 ára gamall. Hann er eftir því sem best er vit að yngstur allra sem hafa gegnt starfi sveitar- eða bæjarstjóra á landinu.

Svo skemmtilega vildi til að móðir hans er fædd í Garði. Langafi hans, Stefán Einarsson sem hann er skírður í höfuðið á, bjó einnig alla tíð í Garðinum og var þar með útgerð nokkurra áttæringa eins og það hét í þá daga.

## Hús sátta þessa örlagaríku nótt

Rétt eftir sveitarstjórnarkosningarnar 1982 var Stefán ráðinn bæjarstjóri á Selfossi sem þá var

fjögur þúsund manna bær. Áfram hélt eldskírni sveitarstjórnarmála og verkefnið voru mörg á meðan hann gegndi embættinu.

„Meðal verkefna minna var að koma að byggingu Fjölbautaskóla Suðurlands. Uppbyggingar- og rekstrarsamningur var milli Selfoss og sýslunnar þriggja, Árnes-, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu en þetta var tímamótasamningur og fyrirmynd samskonar samninga víða um land.

» **Starfið í bæjarstjórn hefur gengið vel í það heila en aðalatriðið er að allar skoðanir njóti gagnkvæmrar virðingar.**

Samningaviðræður höfðu staðið í marga mánuði án árangurs en loks tókust samningar eftir tæplega sólarhrings fund í Tryggvaskála. Það leiðir hugann að því að Tryggvaskáli var ekki bara fyrrum umferðarmiðstöð Suðurlands heldur á þessum tíma fundarstaður bæjarstjórnar Selfoss og hús sátta þessa örlagaríku nótt.“

## Kom á legg dreifingarmiðstöð

„Árið 1987 hóf ég störf í einkageiranum, Valur heitinn Arnþórsson þá kaupfélagsstjóri KEA bað mig að koma á legg dreifingarmiðstöð fyrir nokkur norðlensk matvöruvirjartæki á höfuðborgarsvæðinu. Ég tók verkefnið að mér sem átti að vera til eins árs en árin urðu fimm, fyrirtækið var meðal þeirra stærstu á svæðinu þegar ég ákvað að komið væri nóg. Þá hélt ég til Danmerkur til framhaldsnáms í viðskiptalögfræði og lauk mastersgráðu árið 1998. Eftir heimkomu hóf ég störf hjá Land-

## HIN HLIÐIN

**Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?** Flugmaður.

**Fallegasta bygging á Íslandi?** Af myndum að dæma er það stílhrein bygging hótels Retreat Blue Lagoon í Grindavík.

**Besti helgarmaturinn?** Lambkjöt með brúnuðum kartöflum og Ora rauðkáli.

**Hvað gleður þig mest?** Þegar réttlætið sigrar.

**Uppáhaldsverslun?** Hún hefur ekki opnað ennþá en það stýttist í það.

**Hver er þín óvenjulegasta lífsreynsla?** Þegar ég var óvænt ráðinn sveitarstjóri 24 ára gamall.

**Fullkominn laugardagur?** Hringur með golffélögunum.

**Besta lykt í heimi?** Hangikjötslykt á jóladag.



7 ÁRA AÐ BRÚARLANDI



UTSKRIFTARMYND 1976



MED FORELDNUM OG SYSTKINUM

símanum, fyrst sem fjármálastjóri og ári síðar varð ég einn af sex þáverandi framkvæmdastjórum Símans.“

## Viðfangsefnið eru oft á tíðum lík

„Haustið 2001 var ég ráðinn sem bæjarritari Mosfellsbæjar en stöðuheitinu var síðar breytt í framkvæmdastjóri stjórn-sýslusviðs. Þá var ég aftur kominn til starfa í opinbera geiranum eftir mikla og góða skólun í einkageiranum.

Ég hef oft sagt að munurinn á þessum geirum sé að í einkageiranum lærir maður að hámarka hagnað og fara með fé hluthafanna en í opinbera geiranum þarf maður að hámarka velferð og umhyggju íbúanna og fara vel með fé þeirra. Viðfangsefnið eru oft á tíðum ansi lík.

Frá því ég lauk störfum hjá Mosfellsbæ 2014 hef ég rekið mitt eigið fyrirtæki í stjórn-sýsluráðgjöf og í þeim störfum einna mest fyrir sveitarfélög þar sem ég hef getað notað uppsafnaða þekkingu til margra ára.“

## Opnuðum kosningahöll í gámi

„Í aðdraganda sveitarstjórnarkosninganna 2018 ákvað ég að gefa kost á mér til starfa í bæjarstjórn. Fyrir valinu var að fara fram með landsóháðan lista, Vini Mosfellsbæjar, og kjörorðið fólk en ekki flokkur.

Það er skemmt frá því að segja að undirtektir voru undraverðar því með aðeins fjögurra vikna fyrirvara varð til 18 manna listi. Komid var upp kosningahöll í gámi og einum einblöðungi var dreift í hús. Niðurstaðan varð einn bæjarfulltrúi og rétt um 11% atkvæða.

Starf bæjarfulltrúans er að vinna að hagsmunum allra bæjarbúa og gæta þar réttlætis og jafnræðis, þessu má maður ekki gleyma. Starfið hefur gengið vel í það heila, auðvitað skarast stefnur og áherslur en aðalatriðið er að allar skoðanir njóti gagnkvæmrar virðingar,“ segir Stefán að lokum.

**ÍSLENSKT**  
**LÁTTU ÞAÐ GANGA**





## VINNUÞJARKUR 2020

### Eygerður Helgadóttir

Eyja er formaður fimleikadeildar, en hún hefur verið í stjórn deildarinnar í fjölda ára. Eyja er ekki bara hluti af fimleikadeildinni heldur öllu félaginu, en hún lék knattspyrnu með Aftureldingu hér á árum áður og spilar nú blak.



## ÞAKKARVIÐURKENNING

### Barion

Þakklætisviðurkenning Afturelding 2020 fer til Barion fyrir frábært samstarf, mikla gleði og frábærar lausnir þegar kemur að fjáröflunum. Simmi og Óli Valur tóku við viðurkenningunni á gamlársgangi.



## ÞJÁLFARI ÁRSINS

### Alexander Sigurðsson

Alexander er þjálfari fimleikadeildarinnar. Hann hefur einstaka leiðtogaþæfileika sem nýtast honum í þjálfun og starfi yfirþjálfara deildarinnar. Hann hefur frábært lag á iðkendum og nær að kalla það allra besta fram í hverjum og einum.



Rafræn uppskeruhátíð á gamlársgangi • Sesselja Líf og Guðmundur Árni efst í kjörinu

# Íþróttafólk Aftureldingar heiðrað eftir skrýtið ár

Á gamlársgangi fór fram uppskeruhátíð Aftureldingar en viðburðurinn var öllu látlausari en undanfarin ár. Haldin var stutt athöfn að Varmá og streymt í gegnum Facebook til Mosfellinga.

Sesselja Líf Valgeirsdóttir knattspyrnukona og Guðmundur Árni Ólafsson handknattleiksmaður voru valin íþróttakona og -maður Aftureldingar 2020.

### Framúrskarandi í boltanum

Sesselja Líf er uppalinn í Mosfellsbæ og lék með yngri flokkum félagsins áður en hún spilaði sinn fyrsta meistaraflökksleik fyrir Aftureldingu árið 2010, aðeins 16 ára gömul. Sesselja kom aftur heim fyrir síðasta tímabil frá Vestmannaeyjum og var fyrirliði liðsins í Lengjudeildinni í sumar og ein af mikilvægustu leikmönnum liðsins, en liðið endaði í 4. sæti Lengjudeildar með 28 stig.

Guðmundur Árni lék mjög vel á seinni

hluta síðasta tímabils og endaði sem næstmarkahæsti leikmaður Ólís-deildarinnar. Hann var lykilmáður liðsins sem endaði í 3. sæti. Guðmundur Árni hefur einnig leikið mjög vel á þessu tímabili og er liðið núna á toppnum áður en leikjum var frestað. Hann komst í 35 manna landsliðshóp fyrir HM í Egyptalandi sem hefst núna í janúar.

### Þjálfari ársins valinn í fyrsta sinn

Í fyrsta skipti var valinn þjálfari ársins eins og sjá má hér til hliðar en viðurkenninguna hlaut Alexander Sigurðsson þjálfari fimleikadeildarinnar. Þá voru einnig veittar viðurkenningar til þeirra sem stutt hafa við félagið. Barion fékk þakklætisviðurkenningu og Eygerður Helgadóttir valin vinnuþjarkur ársins.

### Önnur verðlaun voru einnig veitt

Hópabikar UMSK sem 2. flokkur kvenna

í blaki hlaut en þær urðu bikar og deildarmeistarar árið 2020. Stelpurnar í 2. flokki sóttu allar æfingar með úrvalsdeild kvenna og meistaraflöknum og tóku þátt í öllum þeirra leikjum einnig. Stelpurnar spiluðu því yfir 50 leiki á tímabilinu þrátt fyrir að ekki hafi náðst að klára úrvalsdeild og bikarkeppni fullorðinna vegna COVID19.

Starfsbikar UMFÍ hlaut körfuknattleiksdeild Aftureldingar sem unnið hefur ötulst starf og vaxið mjög undanfarin ár. Nú telur deildin rúmlega 100 iðkendur og starfrækir barna- og unglingsstarf fyrir börn í 1.-10. bekk. Að auki hafa nokkrir fimm ára sýnt áhuga og æfa þeir með 1. og 2. bekk.

Hvataverðlaun aðalstjórnar fékk stjórn sunddeildar Aftureldingar en stjórn og þjálfari deildarinnar hafa fært deildina nær sínu gamla horfi eftir erfið ár. Stjórnin er samstíga í verkefnum og eru allir sammála um markmiðin og leiðina til að ná þeim.

AFTURELDINGAR  
VÖRURNAR  
FÁST HJÁ OKKUR



JAKO  
SPORT ÍSLANDI

NAMO EHF. - SMÍÐJUVEGI 74 (GUL GATA) - 200 KÓPAVOGI

Sími: 566 7310 - jakosport@jakosport.is - jakosport.is



BYGGINGAFÉLAGIÐ  
**BAKKI**



REYNIR ÖRN OG  
AÐALHEIÐUR ANNA

Dót.is er ný vefverslun • Mosfellingar á Margrétarhofi

## Margrétarskálar afhentar á Margrétarhofi

Ræktunarbúið Margrétarhof hefur skipað stóran sess í íslenski hrossarækt en það eru Mosfellingarnir Aðalheiður Anna Guðjónsdóttir og Reynir Örn Pálmason sem eru þar bústjórar.

Margrétarhof á rætur sínar að rekja til Svíþjóðar en þar búa eigendur búans á búgarðinum Margrétarhof sem staðsettur er rétt sunnan við Kristianstad.

Að sjálfsögðu voru pantaðar Margrétar-

skálar á Margrétarhof þegar að vefverslunin Dót.is opnaði. Margrétarskálin var hönnuð árið 1954 af Jacob Jensen, var skálin nefnd í höfuðið á Margrétu Þórhildi danadrottningu en hún var krónprinsessa á þeim tíma.

Þessar skálar koma í mörgum fallegum litum og nýu mismunandi stærðum. Úrvalið er hægt að sjá inn á Dót.is en vefverslunin hefur aðsetur í Mosfellsbæ og var sett á laggirnar í lok síðasta árs.



# BÓNDADAGS FYRIR 2 TILBOÐ

## TILBOÐ 1

FYLLT LAMBAINNRALÆRI,  
TVÆR FYLLTAR KARTÖFLUR,  
RJÓMALÖGUÐ SVEPPASÓSA,  
WALDORFSALAT, FRÖNSK  
BLAUT SÚKKULAÐIKAKA



FULLT VERÐ ~~5.980.-~~

TILBOÐ **4.998 KR.**

## TILBOÐ 2

NAUTAFILE, TVÖ  
KARTÖFLUGRATÍN,  
RJÓMALÖGUÐ PIPARSÓSA,  
WALDORFSALAT, FRÖNSK  
BLAUT SÚKKULAÐIKAKA

FULLT VERÐ ~~6.337.-~~

TILBOÐ **5.498 KR.**



**KJÖTBÚÐIN**

www.kjotbudin.is

Grensásvegi 48 • Sími 571 5511 • kjotbudin@kjotbudin.is

SÆLKERAVERSLUN • GRILL- OG  
VEISLUÞJÓNUSTA • KJÖTVINNSLA

# Bjartsýn á nýju ári

Kæru Mosfellingar, gleðilegt ár og takk fyrir það gamla.

Þetta eru skriftnir tíma svo ekki sé annað sagt, til dæmis ekkert þorablót fram undan! Þorablót Aftureldingar hefur skapað sér fastan sess sem einn af aðalviðburðum bæjarins ár hvert, ef ekki aðalviðburðurinn.

En út af dottlu verðum við að fá okkur þorramatinn heima og rifja upp góðar minningar, sem auðvitað eru margar. Vonandi getum við haldið skemmtilegan viðburð á vormánuðum þó að ekkert komi í staðin fyrir blótið sjálf, en nauðsynlegt að vita að fram undan eru bjartari tímar.

Það eru góðar fréttir sem við heyrum þessa dagana að bóluferni sé farið að berast okkur og innan tíðar getum við farið að lifa hömlulausara lífi. Það er mikið fagnaðarferni að unga fólki okkar megi loksins fara að æfa sínar greinar óheft og keppni er að fara í gang. Ég vona bara svo innilega að allir fari varlega og eftir þeim reglum sem gilda hverju sinni og þá á þetta allt eftir að ganga vel hjá okkur.

Á gamlársdag verðlaunuðum við það íþróttafólk hjá okkur sem þótti hafa skarað fram úr á árinu. Sesselja Líf Valgeirsdóttir knattspyrnukona var íþróttakona Aftureldingar og Guðmundur Árni Ólafsson handboltamaður var íþróttamaður Aftureldingar, einnig var valinn þjálfari ársins og kom hann úr fimleikadeildinni, Alexander Sigurðsson.

Öll eru þau frábærar fyrirmyndir fyrir annað íþróttafólk í félaginu. Það er sannarlega tilefni til bjartsýni hjá okkur, í öllum greinum eru iðkendur og þjálfarar sem blómstra og í raun ótrúlegt hvað flestir hafa verið duglegir að halda sér við efnið í þessum löngu pásam sem hafa komið, ég tek



virkelega ofan fyrir ykkur. Þetta er eitt af því skemmtilegasta sem við gerum á ári hverju, að verðlauna fyrir uppskeruna, og óska ég ykkur öllum innilega til hamingju.

Við erum svo heppin í Aftureldingu að eiga marga góða styrktaraðila og velunnara. Að þessu sinni veittum við einu fyrirtæki þakkar fyrir að standa fast við bakið á okkur á þessu erfiða ári og var það Barion. Barion hefur verið óþreypandi við að aðstoða okkur og hugsa með okkur í lausnum þegar kemur að ýmsum fjárflosum.

Takk fyrir okkur Barion og þið öll sem standið með okkur, þið eruð öll starfinu okkar ómetanleg. Ekki síst Mosfellingur sem alltaf er mættur og tilbúinn að aðstoða okkur.

Eitt af því sem veldur mér áhyggjum núna þegar við erum farin að sjá fyrir horn með COVID-19 er brottfall iðkenda, ég vona svo innilega að við náum að halda öllum okkar iðkendum og gott betur.

Milli jóla og nýárs fengum við í íþróttahreyfingunni kynningu frá félagsmálaráðherra og ÍSÍ á úrræðum ríkisstjórnarinnar fyrir íþróttahreyfinguna og hljóma þau mjög vel fyrir okkur og ættu að hjálpa til í þeirri vinnu að byggja á því sem við höfum fyrir, útfærslur eiga að vera tilbúnar í kringum miðjan janúar.

Vonandi verður almenn vitundarvakning hjá allri þjóðinni um frekari hreyfingu og íþróttastarf. Við í Aftureldingu höfum lengi verið stolt af forvarnargildi okkar starfs og höfum metnað til að bæta það enn frekar.

**Áfram Afturelding!**

*Birna Kristín Jónsdóttir, formaður Aftureldingar.*



MOSFELLINGUR



TAKK FYRIR ÁRIÐ



**Tökum nýju ári fagnandi!**

Þakkar til þeirra sem koma að blaðinu. Á myndunum má sjá nokkra Mosfellinga sem leggja sitt af mörkum: Inga Vals, Raggi Óla og Anna Ólöf, Ruth Örnólfs, Helga Dögg, Birgir Sveins, Hilmar Gunnars og Oddný Þóra.

mosfellingur@mosfellingur.is

🔍 skólanet Hringdu

---

🔍 hraðasta internetið

🔍 ótakmarkað gagnamagn

🔍 langbesta verðið

🔍 fyrir námsmenn

🔍 7.600 kr. á mánuði

# TAKK FYRIR STUÐNINGINN

Félagar í Björgunarsveitinni Kyndli þakka bæjarbúum fyrir stuðninginn á árinu sem var að líða og óska þeim velfarnaðar á nýju ári.

- Kveðja  
félagar í Kyndli



**BJÖRGUNARSVEITIN  
KYNDILL**  
MOSFELLSBÆ







# Hvað er að gerast í Félagsmiðstöðinni Ból ?

## BOLID.IS

Allar nánari upplýsingar um starfið okkar má finna á samfélagsmiðlunum okkar.

 FélagsmiðstöðinBól  Bolid270

## FORELDRARÖLTIÐ

 Minnum á skráningu á röltið inn á  Foreldrarölt í Mosfellsbæ

## UNGMENNAHÚSIÐ MOSINN

Kvöldopnanir þrisvar í viku  
Hinsegin klúbburinn

## 8. - 10.BEKKUR

Stútfull janúar dagskrá  
Fræðsla & félagsfærni  
Hinseginn klúbburinn

## VALÁFANGAR

Kjaftað um kynlíf  
Stattu á þínu  
Leiklist  
Mótorkrossklúbburinn  
Stíll

## 10 - 12 ÁRA & 7.BEKKUR

Skemmtileg dagskrá & fullt af fjöri  
Fræðsla & félagsfærni

## KJALLARINN

Glæsileg tónlistaraðstaða fyrir öll ungmenni í Mosfellsbæ



# FLOTEFNIÐ SEM FAGMENNIRNIR TREYSTA

– fæst hjá okkur!

Frábærir floteiginleikar frá 2–30 mm.  
Hentar vel undir öll helstu gólfefni og lökkun.  
Áratuga reynsla á Íslandi.

**múrefni**  
ehf

Desjamýri 8 • 270 Mosfellsbæ  
Sími 420 4010 • asgeir @ murefni  
murefni.is



**ÞÍNAR LEIKREGLUR**

**E**f lífið væri leikur, hverjar væru þínar leikreglur? Hvernig myndir þú setja leikreglurnar ef þú fengir að ráða þeim alveg sjálf/ur? Myndir þú vilja hafa allt niðurnjörvað og skýrt eða myndir þú vilja geta hagað seglum eftir vindi?


**E**g er ekki að spyrja út í loftið. Það hvernig þú vilt lifa lífinu er lykilatriði þegar kemur að hamingju þinni og heilsu. Og, að einhverju leyti, hamingju og heilsu þeirra sem standa þér næst. Ég spila minn besta leik þegar leikreglurnar eru fáar, einfaldar og mjög skýrar. Einn af þeim sem standa mér næst í fjölskyldunni er svipaður mér á meðan hinir vilja kjósa afslappaðri leikreglu. Hvað er ég að tala um með leikreglum? Grunninn að heilbrigði og hreysti - hreyfingu, svefn og mataræði.

**M**ér líður best þegar ég hreyfi mig mikið, æfi reglulega, sef mína 7,5 tíma og borða þrjár góðar máltíðar á dag - ekkert þar á milli - og sleppi öllu nammi og draslfæði. Þegar ég held mig innan þessara ramma líður mér best. Líkamlega og andlega. Miklu betur en þegar ég dett í það mynstur að „leyfa mér“ hitt og þetta. Ég skil hina hliðina.

**A**ð sumir fúnkeri betur þegar rammarnir eru lausari og frelsið til að leyfa sér er til staðar. Sumum líður miklu betur þannig. En ég held að þeir eigi erfiðara með að skilja okkur sem þrífumst best á einföldu og skýru leikreglum. Þeir halda að við séum að missa af lífshamingjunni með því að „neita okkur“ um það sem er utan rammanna okkar.

**E**n það er ekki þannig. Þvert á móti. Og með því að vera í sífellu að reyna að hjálpa okkur að slaka á, fá okkur nú eina kökusneid, einn bjór, einn súkkulaðimola, er í raun verið að reyna að draga okkur út úr þeim leik sem okkur líður best í. Lifum heill!

Guðjón Svansson  
gudjon@kettlebells.is



**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

[www.fastmos.is](http://www.fastmos.is)



Mynd/Ragnóla

Nýársávarp bæjarstjóra Mosfellsbæjar

**Við áramót**

**Kæru Mosfellingar!**

Við áramót er hefðbundið að líta um öxl, rifja upp það sem gekk vel og ekki síður velta fyrir sér hvað bíður okkar á nýju ári. Það er óhætt að segja að árið 2020 hafi verið sögulegt ár og orðið „fordæmalaust“ sennilega eitt mest notaða orð ársins og „þú ert á mute“ algeng setning.

Kórónaveiran sem bankaði fyrst rólega en svo óþyrmilega á dyrnar hjá okkur í lok febrúar einkenndi allt okkar líf á árinu 2020. Daglegt líf okkar hefur einkennd af takmörkunum á flestu af því sem okkur hefur alltaf þótt sjálfsagt að gera. Koma saman á vinnustað, heilsast eða faðmast, heimsækja ættingja og vini, fylgja börnum í skólann, stunda íþróttir og ferðast utan lands svo nokkuð sé nefnt.

Starfsemi Mosfellsbæjar hefur ekki farið varhluta af þessu. Við þurfum ítrekað að endurskipuleggja starfsemi leik- og grunnskóla og loka hefur þurft íþróttamiðstöðvum og bókasafni. Á bæjarskrifstofum hefur þurft að koma upp vaktaskiptum og fólk hefur þurft að læra ný vinnubrögð og allir eru orðnir sérfræðingar í notkun fjárfundarbúnaðar. Þá hefur fólk gengið í störf hvers annars þegar við vorum á neyðarstigi og fólk var að lenda í sóttkví eða veikindum.

En þrátt fyrir þessar hindranir hefur starfsmönnum Mosfellsbæjar tekist að halda uppi starfsemi sveitarfélagsins og þjónusta við íbúana hefur að langmestu leyti verið óskert. Starfsfólk bæjarins hefur sýnt dugnað, hugmyndaauðgi og þrautseigju við að takast á við breyttar aðstæður og leyst úr málum sem við fyrstu skoðun virtust nánast óleysanleg. Þá hafa íbúar staðið með starfsfólki í því að laga sig að breyttum aðstæðum sem skipti miklu máli þegar þyngslin í fyrstu bylgju voru sem mest.

**Þjónustan varin og viðspyrna tryggð**

Áhrif faraldursins á efnahagslífið eru mikil, jafnt hér á landi sem á alþjóðavísu. Atvinnuleysi hefur aukist umtalsvert og mörg fyrirtæki hafa þurft að leggjast í eins konar híði til að bíða ástandið af sér. Ríkissjóður er rekinn með gífurlegum halla og sveitarfélög hafa orðið fyrir miklum tekjumissum og útgjöld aukist vegna áhrifa veirunnar á þjónustu þeirra. Að sjálfsögðu kemur þetta niður á fjárhag Mosfellsbæjar eins og annarra sveitarfélaga.

Sá afgangur sem áformaður var í rekstri fyrir árið 2020 mun breytast í töluverðan halla og verður sveiflan væntanlega allt að 800 m.kr. Fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár gerir ráð fyrir töluverðum halla eða um 560 m.kr. Við þessar aðstæður er gott að sveitarfélagið hafi staðið styrkum fótum áður en þessi efnahagskreppa skall á. Samfélagið í Mosfellsbæ býr að því að töluverður afgangur hefur verið af rekstri bæjarins undanfarin ár og skuldahlutfallið lækkað ár frá ári.

Vegna þessarar stöðu er unnt að veita viðspyrnu með því að reka bæjarfélagið með tímabundnum halla og verja þjónustuna án þess að stefna fjárhag sveitarfélagsins í hættu. Skuldir munu aukast á meðan þetta ástand varir því reksturinn skilar litlum fjármunum upp í fjárfestingar en við þær aðstæður er gott að hafa búið okkur í hagin.

Í Mosfellsbæ einkenndist árið 2020 af miklum framkvæmdum og fjölgun íbúa. Mosfellingar urðu rúmlega 12.500 talsins í lok ársins og hefur fjölgað um tæp 5% á árinu. Það er mikil fjölgun og ein sú mesta á meðal sveitarfélaga og sýnir hversu vinsælt

sveitarfélagið er til búsetu.

Stærsta einstaka framkvæmdin á nýliðnu ári var bygging Helgafellsskóla en þar er unnið að því að ljúka seinni tveim áföngum skólans. Þá fóru fram miklar endurbætur á húsnæði Varmárskóla sem voru endurnýjun ytra byrðis yngri deildar og viðgerðir í kjölfar rakaskemmda. Allt skólalúsnæði bæjarins hefur nú verið skimað fyrir rakaskemmdum. Komu þar fram nokkur úrbótatækifæri en á heildina litið er skólalúsnæði bæjarins í góðu ásigkomulagi.

Í íþróttamiðstöðinni að Varmá voru töluverðar framkvæmdir í gangi á árinu og má þar sérstaklega nefna endurbætur á búningasklefum og lagnakerfum. Á haustmánuðum var tekin í notkun ný skrifstofu- og félagsaðstaða fyrir Aftureldingu í millibyggingu við fimleikasalinn. Á árinu 2020 var fyrsta heila rekstrarár Fellsins, nýja fjölnota íþróttahússins okkar. Má með sannri segja að Fellið sé mikil lyftistöng fyrir íþróttalíf í bænum og þá einkum knattspyrnu.

**Metnaðarfull fjárhagsáætlun**

Þrátt fyrir þau efnahagslegu áföll sem dunið hafa á okkur að undanfögnu einkenndist fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar fyrir árið 2021 af miklum metnaði. Við höldum áfram þeim uppbyggingarverkefnum sem í gangi hafa verið, stöndum ekki bara vörð um þá þjónustu sem veitt er til íbúanna heldur bættum við á nokkrum sviðum.

Á árinu 2021 munu álögur á íbúa og fyrirtæki ekki hækka að raungildi og lækka í nokkrum tilfellum. Síðustu tveir áfangar Helgafellsskóla verða teknir í notkun næsta haust og þá verður rými fyrir alla árganga í skólanum.

Loks er í undirbúningi bygging nýs leikskóla í Helgafellshverfi til að mæta þörfum fyrir leikskólalásslóttum í stækkandi bæjarfélagi. Á árinu verður bætt við 30 nýjum plássum á ungbarnadeildum leikskólanna okkar. Allt er þetta gert til að mæta þörfum íbúa núna og til framtíðar, byggja upp öflugt og gott samfélag og auka lífsgæði og velferð íbúa.

**Starfsfólk bæjarins hefur sýnt dugnað, hugmyndaauðgi og þrautseigju við að takast á við breyttar aðstæður og leyst úr málum sem við fyrstu skoðun virtust nánast óleysanleg.**

Hér hef ég stiklað á stóru um hvað dreif á daga okkur á líðnu ári og það sem fram undan er. Árið 2020 var skrítið ár, ár sem við sjálfsagt munum seint gleyma og verður skráð í sögubækur. Nýtt ár felur í sér ný tækifæri til að blómstra.

Bólusetning er hafin og raunhæfar vonir uppi um að það takist að bólusetja nógu marga á fyrri hluta ársins þannig að líf okkar færist í sem eðlilegast horf og atvinnulífið geti tekið við sér að nýju.

Framtíðin er björt í Mosfellsbæ og með gildin okkar góðu VIRÐINGU - JÁKVÆÐNI - FRAMSÆKNI og UM-HYGGJU að leiðarljósi eru okkur sem fyrir allir vegir færir. Ég vil nota tækifærið og þakka ykkur öllum fyrir gott samstarf, samskipti, vináttu og stuðning á árinu 2020 og ég er viss um að nýrunnið ár muni færa okkur gæfu og gleði.

Haraldur Sverrisson  
Bæjarstjóri



Stöðuuppfærslur  
in your face

**Lárus Haukur Jónsson**  
Það sem stóð upp úr árið 2020 var að Hæstiréttur Íslands lagði niður hljómsveitina Sigurrós.  
4. jan

**Ingibjörg Alexía Guðjónsdóttir**  
26. árið í röð sé ég flugeldasýninguna og resta jólin... Hér áður fórum við vinkonurnar í heitt súkkulaði og perutertu til Huldu eftir brennu... eitt árið fórum við upp í sveit að okkur fannst og horfðum hinumegin við Leirvoginn og fórum í hálfgerða jeppaferð... Ég man hvað mér fannst geggjá útsýni yfir bæinn þeim megin... Nú sit ég í sófanum við stoflugluggann, uppi á hæðinni sem ég dáðist af útsýninu... Takk fyrir jólin, takk fyrir lífið og takk @bjorgunarsveitin\_kyndill fyrir geggjáða sýningu alltaf :) og takk Mosfellsbær <3  
6. jan

**Helena Kristinsdóttir**  
Þoli ekki að hafa misst af glitskýjunum í dag..... Hefði ábyggilega náð geggjáðri mynd og væri komin með meira en 100 like á hana.... Í staðinn var ég ábyggilega að éta eitthvað...andsk...  
29. des

**Gunnhildur Ósk H. Guðmundsdóttir-Gunnsa**  
Mikið verður það gott þegar Corona er bara bjór og Donald er bara önd...  
7. jan

**Erla Víðisdóttir**  
Ég er að hugsa um að selja ryksuguna mína. Hún safnar bara ryki.  
30. des

**Atli Bjarnason**  
Búinn með alla góðu konfektmolana og er byrjaður á þessum ógeðslega vondu!  
30. des



ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA

VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

Hlín Blómahús  
Mosfellsbæ

Hlín Blómahús • Háholti 18 • Mosfellsbæ • Sími: 566 8700  
Finndu okkur á facebook.com Blómabúðin Hlín

**BRA**  
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR  
AÐUNGS

SIJÓVA  
TM  
VIR  
VORÐUR  
f

**Frí Tjónaskoðun**

★ GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI ★

Auðbrekku 27. Kópavogi Sími 554 2510  
www.bilasprautun.is

**ÖKUKENNSLA**  
Tímamantanir og upplýsingar  
hzoega@gmail.com

KENNI Á BEINSKIPTAN OG SJÁLFSKIPTAN BÍL

ÖKUKENNSLA AKSTURSMAT UMFERÐARFRÆÐSLA Hreiðar Örn Zoëga  
820 1616

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**  
SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Kristín Ingólfssdóttir Sverrir Einarsson Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is  
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

~ Fagmenn í yfir 40 ár ~

**BIFREIÐAVERKSTÆÐI MOSFELLSBÆJAR**

Flugumýri 2 - Sími 566-6216

Þú finnur öll blöðin á netinu  
**WWW.MOSFELLINGUR.IS**

**BílaGlerið**

Framrúður & ísetningar  
Sími 587-6510

Öryggisgler í vinnuvélar, báta og bíla  
Bíldshöfða 16 (bakhús) · 110 Reykjavík · glerid@simnet.is

**GARÐMENN**  
...gerum garðinn frægan!

Við sinnum öllum alhliða garðyrkjustörfum s.s jarðvegsvinnu, hellulögnum, steinhleðslum, timburverki, gróðursetningu, trjáklippingum.

Garðmenn leggja áherslu á fagleg vinnubrögð, vandvirkni og skjóta þjónustu.

Sími 893 5788

**FAGVERK**

**MG Lögmenn ehf.**

Öll almenn lögfræðiþjónusta  
Innheimtur  
Sala fasteigna

Háholti 14 - Sími 588 1400 - mglogmenn@mglogmenn.is - www.mglogmenn.is

**GÓÐIR MENN EHF**

Rafverktakar  
GSM: 820-5900

- nýlagnir • viðgerðir
- endurnýjun á raflögnum
- hönnun og uppsetning á öryggiskerfum
- síma og tölvulagnir

Löggiltur rafverktaki

**Öll almenn vörubíla- og kranapjónusta**

- Grabbi, grjótkló og fl.
- Útvega öll jarðefni.
- Traktor og sturtuvagn í ýmis verkefni eða leigu.
- Sláttupjónusta og fl.

**BJ VERK** ehf.  
Björn s: 892-3042

**VGH Mosfellsbæ**  
VERKTAKI SÍÐAN 1968  
896-9443 896-2279  
**ÞAÐ SEM TIL ÞARF**

## HEYST HEFUR...

...að Þorablót Aftureldingar falli niður þetta árið.

...að Bubbi og Hrafnhildur séu búin að selja húsið sitt í Kjósinni.

...að Aldís Sunna og Bjarni Bjarka hafi eignast stúlku um síðustu helgi.

...að Sindri Ploder, sem sýnir nú í Listasalnum, hafi selt 32 verk fyrstu tvo sýningardagana.

...að skemmdarverk hafi verið unnin á Kósi Kjarna sem er verkefni úr Okkar Mosó. Í skoðun er að setja upp myndavélar eða fjarlægja húsgögn

...að GDRN sé komin á listamannalaun.

...að Helgi Björns snúi aftur á skjáinn úr Hlégarði 23. janúar.

...að Kalli Emils og Elsa Hlín hafi trúlofað sig um áramótin.

...að Svava og Hrannar hafi eignast stúlku í vikunni.

...að íþróttakona Mosfellsbæjar, Cecilia Rán, sé í viðræðum við Everton.

...að kjótkóngurinn hafi skellt sér á skíði til Sviss.

...að Einar einstaki og Inga María hafi gift sig í byrjun árs

...að handboltakappinn Gunnar Malmquist og Elín Huld hafi eignast fyrsta Mosfelling ársins og uppljóstri nafninu á honum í blaðinu.

...að haldið verði Þorrabingó á Barion á bóndadaginn, 22. janúar.

...að Siggí Hansa, Stormsveitarföngi, sé orðinn fimmtugur.

...að Sindri og Fríða Arnalds eigi von á stelpu í sumar.

...að vinsælasta skáldsaga ársins 2020 á Bókasafninu hafi verið Hvíti dauði eftir Ragnar Jónasson.

...að Málfríður á Reykjum hafi orðið 96 ára um síðustu helgi.

...að beðið sé eftir snjónum til að taka í notkun nýja upplýsta skíðabrekku við Varmáskóla.

...að Mosfellsbær hafi gefið sínum starfsmönnum gjafabréf á Grillmarkaðinn í jólagjöf að andvirði 15.000 kr.

...að Mosfellingur Ívar Ben sé kominn til Egyptalands þar sem hann sendir rammíslenskar handboltafréttir heim á klakann gegnum Handbolti.is

...að Lukku Láki í Kjarnanum hafi verið að skipta um eigendur.

...að Agnes Geirs og Halli Örn eigi von á barni í sumar.

...að Allí fimleikabjálfi hafi verið kjörinn bjálfi ársins bæði hjá Aftureldingu og Mosfellsbæ en valið fór fram í fyrsta sinn.

...að gullbarkinn Dagur Sig verði á Barion á föstudagskvöldið.

...að Fellið sé opið fyrir bæjarbúa alla virka daga kl. 8-14 fyrir hreyfingu.

...að næsta blað komi út 11. febrúar.

[mosfellingur@mosfellingur.is](mailto:mosfellingur@mosfellingur.is)

## Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið [mosfellingur@mosfellingur.is](mailto:mosfellingur@mosfellingur.is)



Gréтар Karl Sindrason fæddist á Landspítalanum þann 3. október 2020. Hann var 3260 gr og 50 cm. Foreldrar hans eru þau Sindri Már Sigurðsson og Jónína Rún Ragnarsdóttir fyrir eiga þau dótturina Hjördísi Ingunni.

**BARION**  
MATBÁR

**KL. 20-22**  
**FRÍTT INN**

**DAGUR SIG**  
**Á BARION MOSÓ**  
**FÖSTUDAGINN**  
**15. JANÚAR**

## Í eldhúsinu

HJÁ UNNI HEIDU & BJARNA

### Pastaréttur

Unnur Heidi Harðardóttir og Bjarni Kristinn Gunnarsson deila með okkur uppskrift að þessu sinni að einföldum rétti sem hefur reynst þeim vel á haust- og vetrarmánuðum, þegar sálina vantar kaloríur og kolvetni. Uppskrifin er fyrir ca. 4.

#### Hráefni:

- 500 g pasta að eigin vali
- 1 bréf beikon (ca. 300 g)
- ½ l rjómi
- 100 g rifinn piparostur

#### Salat:

- 2-3 tómatar
- ½ gúrka
- 1 avókadó
- 1 krukka salatostur (fetaostur)

#### Aðferð:

Skerið beikonið í smærri bita; best að taka allt búntið og skera það þversum í 4-5 stykki. Steikið á pönnu. Þegar beikonið er orðið steikt skal bæta rjómanum og pipar-

ostinum út í og láta malla þangað til osturinn hefur bráðnað. Sjóðið pastað. Þegar það er fullsoðið skal bæta því út í pönnuna með beikoninu og rjómaostablöndunni og hræra vel saman. Saxið grænmetið og blandið saman í skál. Bætið við salatostinum (og olíunni úr krukunni) eftir smekk.

Endurtekna athuganir hafa leitt í ljós að ískalt vatn er besti drykkurinn með þessum rétti.

Verði ykkur að góðu.

Unnur Heidi og Bjarni Kristinn skora á Sindra Frey & Sigrúnu að deila næstu uppskrift



# ÁRIÐ 2020

Ég held það séu fáir þarna úti sem sitja og lofsyngja síðasta ár fyrir það hversu frábært það var.

Staðir eða viðburðir þar sem fólk gat komið saman og notið félagsskapar hvers annars eða hressst upp á andlega og líkamlega heilsu voru lokaðir eða með skerta starfsemi stærstan hluta árs og enginn komst til útlanda að sóla sig og sleppa við íslenska skammdegismyrkrið ...

En þátt fyrir það var 2020 hið besta ár hjá mér. Ég eignaðist litla stúlku í ágúst mánuði og hefur lífið síðan þá ekki snúist um annað en litla einræðisherrann minn, svo ég hef nú varla tíma til að velta mér upp úr því sem Covid hefur tekið frá okkur.

Ég hef frekar lært af því sem Covid hefur gefið okkur, það er að segja að kunna að meta það að eiga stóra og nána fjölskyldu, læra að slaka á heima hjá mér, kunna betur að meta íslenska náttúru og víðáttu og heilmargt annað álíka væmið.

Vinir mínir sem búa erlendis hafa ekki allir sömu sögu að segja af síðasta ári. Ég hef margoft þakkað fyrir það að búa á Íslandi og geta verið nokkuð frjáls ferða minna en ekki bundin heima eins og stór hluti heims var um tíma. Þetta eru furðulegir tímar sem hafa kennt okkur að meta heilmargt sem við höfum áður tekið sem sjálfsögðu.

Ég neita því þó ekki að ég er full tilhlökkunar fyrir komandi ári og get ekki beðið eftir því að geta vappað grímulaus um bæinn og knúsað mann og annan án þess að líða eins og holdsveikisjúklingi sem reynir að smita alla.

Árið 2021 verður svo sannarlega ekki hindranalaust en við skulum nú vona að það verði ögn mildara en 2020.

Gleðilegt nýtt ár og megum við öll halda áfram að æfa þakklæti fyrir litlu hlutina í lífinu



MÓEY PÁLA



# SMÁ AUGLÝSINGAR



**Nudd**  
 Bjóðum upp á svæðanudd  
 - fótanudd á sanngjörnu  
 verði. Léttir fyrir allan  
 líkamann og til að slaka  
 á, veljið ilm kjarnaolíu fyrir  
 proseager. Pantíð tíma í  
 síma: 8227750 (Lenka)

**Smáauglýsingarnar  
 eru friar fyrir  
 einstaklinga**  
 mosfellingur@mosfellingur.is

WWW.MOSFELLINGUR.IS  
 WWW.MOSFELLINGUR.IS



**NÆSTI  
 MOSFELLINGUR  
 KEMUR ÚT  
 11. FEB**

Bláðinu er dreift fritt  
 í öll hús í Mosfellsbæ.  
 Skilafrestur efnis/auðlýsinga er til  
 hádegis á mánudegi fyrir útgáfudag.  
 mosfellingur@mosfellingur.is

## ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA

## VERSLUM Í HEIMABYGGÐ



### Ökukennsla Lárusar

Gsm 7775200 akamos@simnet.is

**Vespu-, bifhjóla-, og bílpróf**

Annast akstursmat og sé um hæfnispróf fyrir þá sem hafa gleymt að endurnýja.

### FÓTAADGERÐASTOFA MOSFELLSBÆJAR

*Dverholti 3 - Sími: 566-6612*



### GLERTÆKNI ehf

*Völuteigi 21*

*- gler í alla glugga -*

S. 566-8888 • WWW.GLERTAEKNI.IS



### Bílapartar ehf

Notaðir **TOYOTA** varahlutir

Sími: 587 7659

Grænumýri 3 | 270 Mosfellsbæ  
 www.bilapartar.is



### MALBIKSTÖÐIN



### ARI ODDSSON EHF BYGGINGAVERKTAKI

**MÚRVERK - FLÍSALAGNIR - ALMENN VIÐHALDSVINNA**

**FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI**

Háholti 14 • 270 Mosfellsbæ • arioddsson@arioddsson.is

Símar: 895-0383 / 867-7704 / 564-4070

www.arioddsson.is



www.bilhusid.is

**Véla- og hjólastillingar.**  
 Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,  
 smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.

Smíðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540



### Sjúkrabjálfun & Sjúkranudd HEILSUEFLING MOSFELLSBÆJAR

Urðarholt 4 Mosfellsbær

Sími 578 5080

**Tek að mér  
 alla krana- og  
 krabbavinnu**

**Útvega allt  
 jarðefni**

**VÖRUBÍLL P.B.**

Klapparhlíð 10  
 Þorsteinn 822-7142



### B. Markan ehf. Pípulagnir

**660 6690**

www.bmarkan.is

### AFLTAK EHF.

S: 660 0770 - www.aftak.is

### OPNUNARTÍMI SUNDLAUGA

**Lágafellslaug**

Virkir dagar: 06:30 - 21:30

Helgar: 08:00 - 19:00

**Varmárlaug**


Virkir dagar: 06:30-08:00 og 16:00-21:00

Laugard. kl. 08:00-17:00 og sunnud. kl. 08:00-16:00



# SPURNING TIL BÆJARBÚA


Strengdir þú  
áramótaheit?



**ÁGÍR LÍNDAL:** Já, að vinna Kalla Bender í markakeppni.




**SIGRÚN:** Mæta oftar í ræktina og í fleiri party en 2020.



**MAGNÚS SMÁRI:** Áramótaheitið mitt er að mega fara í ríkið.



**KRISTÓFER:** Að spila Warzone með Steinda Jr.



**ÓÐINN INGI:** Að passa aðeins betur upp á línurnar en ég gerði í fyrra.



**JÖKULL:** Stressa mig minna á litlu hlutumum og Enjoy Life.

## Fylgdu okkur á Instagram...

@MOSFELLINGUR



## HVERJIR VORU HVAR?

Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is



Daði og Þóra á vellinum



Fyrsti reiðtúr ársins



Bingó sigurvegararnir



Skálað fyrir árinu



Rúnar og Dótla á áramótunum



Aftureldingarmennirnir



Með bikarinn frá UMFÍ



**BÓLUEFNINU TEKIÐ FAGNANDI  
Á HJÚKRUNARHEIMILINU HÖMRUM**

### TVÍFARAR



Jói Ben



Valgeir fréttamaður



Hárstofan  
**Sprey**

Sími 5176677  
og á [noona.is/sprey](https://noona.is/sprey)

[sprey\\_harstofa](https://www.instagram.com/sprey_harstofa)

Hárstofan Sprey  
Háholt 14 - s. 517 6677



# 900%

BÆJARBÚA

# LESA MOSFELLING

*Samkvæmt lestrarmælingu Gallup*



**Lestrarmæling í Mosfellsbæ- niðurstöður í janúar 2020.**  
Spurt var: Mosfellingur er bæjarblað sem dreift er í hús í Mosfellsbæ.  
Hefur þú lesið eða flett Mosfellingi á síðastliðnum 3 vikum?

Bæjarblaðið Mosfellingur kemur út á þriggja vikna fresti. Dreift frítt í öll hús í Mosfellsbæ.  
Netfang: [mosfellingur@mosfellingur.is](mailto:mosfellingur@mosfellingur.is)

**MOSFELLINGUR**  
Frítt, frjálst og óháð bæjarblað



## SÝNING Í UNDIRBÚNINGI

Þrátt fyrir brennuleysi í kringum hátíðarnar bauð Mosfellsbær upp á flugeldasýningu á Þrettándanum og leysti björgunarsveitin Kyndill það með glæsibrag að vanda.

Sæktu  
Landsbanka-  
appið



App Store Google Play

Múlalundur  
Glæsileg  
ritfangaverslun  
í Mosfellsbæ

- kíktu við, þá vinna allir!



MÚLALUNDUR  
vinnustofa SÍBS

við Reykjalund, Mosfellsbæ  
www.mulalundur.is

## MIKIL SALA - VANTAR EIGNIR - VERÐMETUM



**Pétur Pétursson**  
löggiltur  
fasteignasali  
897-0047




**Davíð Ólafsson**  
löggiltur  
fasteignasali  
896-4732

Þjónusta við  
Mosfellinga í 30 ár

Háholt 14, 2. hæð  
**588 55 30**



### Reykjahvoll



Erum með einbýlishúsalóð á flottum stað innan við Reyki í Mosfellsbæ. Hentar vel þeim sem kjósa að búa í úthverfi og í fallettri náttúru. Frábærar gönguleiðir.

### Sunnukriki



Glæsilegt húsnæði til leigu á frábærum útsýnisstað í Krikahverfi. 250 fm til 500 fm eftir aðstæðum. Næg bílastæði.

### Völuteigur



530 fm atvinnuhúsnæði til sölu eða leigu. 2 innkeyrsluhurðir, 4 m. Stór salur. 5-7 m lofthæð. 80 fm húsnæði á efri hæð. Kaffistofa, skrifstofur og snyrting. Laust strax.

### Blíðubakki-hestamiðstöð



Vel staðsett 900 fm hestamiðstöð efst í hesthúshverfi Mosfellsbæjar. Pláss í stíum fyrir 35 hesta. Stór salur fyrir tamningar o.fl. Séríbúð á efri hæð og gott aðgengi. Flott aðstaða fyrir hestafólk, hnakkageymsla og snyrtiaðstaða. Stórhláða og tæki. Góð gerði og bílastæði.